FRÉTTABLAÐIÐ

6. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 9. JANÚAR 2021

Skildi líf sitt fyrst eftir fertugt

Æskuárin móta mann, en á einhverjum tímapunkti getur maður ekki kennt þeim um allt sem miður fer hjá manni.

Kristborg Bóel Steindórsdóttir lítur jafnt á vini og ættingja sem sína fjölskyldu, eftir að hafa alist upp á alkóhólísku heimili. Eftir tvo skilnaði, kulnun og mikla sjálfsvinnu var það ADHD-greining síðasta haust sem raðaði púslunum saman. →22

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hnýtti upp í sveitabrúðkaup

Guðný Jónsdóttir hnýtti macrame til að safna fyrir Strandabrúðkaupi. → 26

Sumir skrifa um sjálfa sig

Wikipedia fagnar 20 ára afmæli í janúar, en fimm milljarðar nota síðuna hvern mánuð. → 24

Hjólatúrar fyrir alla

Árni og Sesselja bjóða öllum í fría hjólatúra í borginni í vetur. → 18

ÚTSALA

ELKO

Ólík viðhorf um dóm í máli Óperunnar

DÓMSMÁL Íslenska óperan var í gær sýknuð í máli sem Þóra Einarsdóttir söngkona höfðaði vegna samningsbrota og vangoldinna launa.

Þóra stefndi Íslensku óperunni fyrir brot á samningum við æfingar og uppfærslu óperunnar Brúðkaup Fígarós. Allir helstu söngvarar sem léku aðalhlutverkin í sýningunni hafa einnig leitað til stéttarfélaga vegna samningsbrota af hálfu Íslensku óperunnar.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Þóra að það væri gott að fá niðurstöðu í málið, en niðurstaða héraðsdóms vekti hins vegar upp margar spurningar. „Þetta er ekki gott mál fyrir tónlistarfólk og söngvara," sagði hún.

> **Þetta er ekki gott mál fyrir tónlistarfólk og söngvara.**
>
> Þóra Einarsdóttir, söngkona

Aðspurð um framhaldið segir Þóra margar spurningar sem tónlistarfólk þurfi að spyrja sig varðandi samninga við stéttarfélög og stofnanir eins og Íslensku óperuna.

Í yfirlýsingu frá Íslensku óperunni um málið segir að dómurinn staðfesti að auki að verksamningurinn kveði á um hærri heildargreiðslur til Þóru en leitt hefði af kjarasamningi FÍH, ef hann hefði verið látinn gilda. Þá hafi verið tekið fram berum orðum í verksamningi að hann væri tæmandi og endanlegur um greiðslur til söngkonunnar, líkt og gilt hafði um fyrri samninga milli sömu aðila um árabil.

„Íslenska óperan telur mikilvægt að horfa til framtíðar og hyggst á komandi misserum efna til samtals við fulltrúa söngvarastéttarinnar um hvernig samningagerð verði best háttað í tengslum við uppfærslur Íslensku óperunnar," segir í yfirlýsingunni. **– ilk**

LEIÐRÉTTING

Villa í myndagátu Fréttablaðsins



Við vinnslu á myndagátu Fréttablaðsins sem birt var á gamlársdag varð ein vísbendingin röng. Við hlið myndar af geimveru með heimþrá, voru þessi tákn ---. en þau áttu að vera -... Vinningshafi verður dreginn út í næstu viku og lausnin birt í næsta helgarblaði.

Eldsvoði á Álfsnesi

Slökkviliið höfuðborgarsvæðisins var kallað út vegna elds í urðunarstöð Sorpu í Álfsnesi í gær. Upptök eldsins voru sjálfsíkveikja á lífrænum úrgangi í móttökustöð sem ekki er lengur í notkun. Starfsfólk Sorpu og verktakar á svæðinu unnu að því að kæfa eldinn undir verkstjórn slökkviliðsins með því að moka efni yfir hann til að stöðva útbreiðsluna. Búið var að ráða niðurlögum eldsins um klukkan 10.30. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mótmæla gjaldtöku við skráningu kyns

JAFNRÉTTISMÁL Samtökin Trans Ísland hafa gefið út yfirlýsingu þar sem þau gagnrýna 9.000 króna gjald við leiðréttingu á kyni og nafni hjá Þjóðskrá Íslands. Þau segja óviðunandi að transfólk þurfi að borga fyrir slíka leiðréttingu og það sé mikið réttlætismál að transfólk hafi óhindrað aðgengi að slíkum breytingum.

Samtökin segja að Þjóðskrá sé með þessu að leggja sérstakt gjald á viðkvæman hóp sem leitast eftir að fá leiðréttingu á sinni skráningu og telja samtökin óviðeigandi að ríkisstofnun rukki fyrir slíka breytingu.

Ef gjaldið verði ekki fellt niður hvetja Trans Ísland þá sem ekki hafa efni á því að breyta kyni sínu í Þjóðskrá, að hafa samband við samtökin sem muni koma til móts við fólk og sjá til þess að transfólk geti fengið aðgang að þessari breytingu óhindrað. **– mhj**

Um fimmtíu manns í mat hjá Hernum á dag

Aldrei hafa fleiri hlotið matarstyrk frá Hjálpræðishernum en í desember. Velferðarsjóður Hersins tæmdist í ágúst svo að hrundið hefur verið af stað söfnun til að halda megi áfram. Hafa fengið undanþágu frá sóttvarnareglum.

SAMFÉLAG Aldrei hafa fleiri fengið aðstoð frá Hjálpræðishernum en fyrir nýliðin jól en tæplega sjö hundruð einstaklingar hlutu matarstyrk frá samtökunum í desember. Matarstyrkurinn var í formi gjafakorta í Krónuna og segir Linda Björk Hávarðardóttir, verkefnastjóri hjá Hjálpræðishernum, að þeim fjölgi mikið sem leiti til þeirra.

„Við höfum aldrei séð tölur líkt og þær sem við sáum núna í desember," segir Linda. „Mataraðstoðin er öll greidd úr velferðarsjóði Hjálpræðishersins en aðsóknin hefur verið slík að sjóðurinn tæmdist í ágúst og þá var allt haustið og jólin eftir," bætir hún við.

Þá bendir Linda á að í desembermánuði sé vanalega úthlutað jafn hárri upphæð úr velferðarsjóði Hjálpræðishersins og alla hina mánuði ársins samanlagt. Nú hafi því verið hrundið af stað söfnun þar sem safnað er fyrir þeirri starfsemi sem fjármögnuð er af velferðarsjóðnum. „Allt sem safnast fer í sjóðinn. Ekkert fer í daglegan rekstur Hjálpræðishersins, húsnæðisins eða slíkt," segir Linda.

„Það sem heyrir undir rekstur velferðarsjóðsins er jólahjálpin og matarkort fyrir þá sem eru þurfandi og svo getur fólk komið til okkar og þvegið af sér og farið í sturtu," segir hún. „Svo erum við með heitan mat í hádeginu," bætir Linda við en um fimmtíu manns mæta í hádegismatinn á degi hverjum.

„Manni finnst ótrúlegt að á Íslandi séu svona margir sem þurfi á slíkri aðstoð að halda en það er víst þannig. Til okkar koma bæði einstaklingar sem eiga ekki í sig og á en líka þau sem vantar félagsskap, því að þú getur verið veraldlega fátækur en þú getur líka verið fátækur félagslega," segir Linda. Hjálpræðisherinn hlaut undanþágu frá samkomutakmörkunum vegna COVID-19 svo hægt væri að sinna gestum en Linda leggur áherslu á að öllum sóttvörnum sé vel sinnt.

Þrátt fyrir undanþágur er lögð mikil áhersla á sóttvarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Linda Björk Hávarðardóttir verkefnastjóri

„Við erum í rúmu húsnæði svo hér er vel hægt að skipta upp í sóttvarnahólf og gæta vel að öllu," segir hún og vísar til nýs húsnæðis samtakanna. „Það eru margir sem halda að við séum að safna fyrir daglegum rekstri og rekstri á húsnæðinu því við byggðum auðvitað þetta hús en það er ekki þannig. Þetta hús var byggt fyrir gamla peninga, við áttum risastórt hús í miðbænum sem var selt og þetta nýja byggt fyrir þá peninga," segir Linda.

Hún segir húsið rúma starfsemina vel. „Áður en við fluttum hingað vorum við í Mjóddinni þar sem við gátum boðið upp á hádegismat tvisvar í viku en nú getum við gert það á hverjum degi," segir Linda.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur borið á því hér á landi að fólk fái símtöl frá íslenskum númerum sem merkt eru sem „möguleg svik" og segist Linda hafa orðið vör við þá umræðu undanfarna daga. „Fólk hefur haft samband við okkur til að athuga hvort um raunverulega söfnun sé að ræða, það er greinilega einhver umræða og misskilningur í gangi en söfnunin er raunveruleg," segir hún.

Þá segir hún Símstöðina sjá um söfnunina fyrir Hjálpræðisherinn, allt fari heiðarlega fram. „Þau hringja út fyrir okkur og svo er sendur reikningur í heimabanka til þeirra sem vilja leggja okkur lið."

birnadrofn@frettabladid.is

Myndlistarsjóður

Opið er fyrir umsóknir í myndlistarsjóð

Veittir verða styrkir allt að 3.000.000 kr.

- Undirbúningsstyrkir
- Styrkir til sýningaverkefna
- Útgáfu-, rannsóknastyrkir og aðrir styrkir

Umsóknafrestur er til miðnættis 18. febrúar 2021

Upplýsingar um myndlistarsjóð, umsóknareyðublað, úthlutunarreglur ásamt leiðbeiningum má finna á vefsíðu myndlistarsjóðs myndlistarsjodur.is

Úthlutað verður í marsmánuði. Um er að ræða fyrri úthlutun úr sjóðnum árið 2021.

9:41
UMBOÐ
UMBOÐ FYRIR MIG
Jón Jónsson
Ása Aradóttir
ÉG HEF UMBOÐ
Aron Magnússon
SÆKJA UM UMBOÐ
STUNDUM ER GOTT AÐ FÁ SMÁ HJÁLP
Þú sækir um umboð fyrir aðra í Lyfju appinu
Þú getur einnig pantað lyf hratt og örugglega í heimsendingu og fengið ráðgjöf sérfræðings í netspjalli.
Sæktu Lyfju appið í App Store og Google Play.
LYFJA

TÖLUR VIKUNNAR 03.01.2021 TIL 09.01.2021

9
prósent lána hjá íslensku viðskiptabönkunum voru í vanskilum í október, sem er hæsta hlutfall vanskila í sjö ár.

653
míkrógrömm á rúmmetra mældist vera magn svifryks á Grensásvegi eftir miðnætti á gamlárskvöld. Heilsuverndarmörk miða við 50 míkrógrömm.

75
prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnun Zenter fyrir Fréttablaðið telja að árið 2021 verði betra en árið 2020.

9.369
Nýir fólksbílar voru skráðir á Íslandi í fyrra. Það er rúmlega 20 prósentum færri bílar en árið 2019.

271
duftker með líkamsleifum fólks eftir bálfarir bíður eftir að verða sótt hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur.

Þrjú í fréttum
Skiptastjóri, staðnám og draugabani

Lárus Sigurður Lárusson
lögmaður

fagnaði á fimmtudag niðurstöðu Landsréttar sem felldi úr gildi úrskurð héraðsdóms um að víkja honum úr starfi skiptastjóra þrotabús Þórodds ehf. „Ég var aldrei sáttur við niðurstöðu héraðsdóms, hún var röng og það liggur nú fyrir," sagði Lárus. „Þetta er mikil hreinsun af þeim athugasemdum sem gerðar voru við mín störf," bætti Lárus við.

Salka Sigmarsdóttir
nemi í Menntaskólanum við Sund

er meðal þeirra framhaldsskólanema sem fengu að mæta aftur til skóla eftir að hafa stundað heimanám um langa hríð. „Ég man varla hvernig það er að vera í skólanum svo ég veit ekkert hvernig ég er að fara að haga mér á morgun, ég veit bara að ég er ekkert smá spennt," sagði Salka af þessu tilefni. „Fyrir marga hefur fjarnám hentað vel varðandi skipulag og svoleiðis, en hjá mér er það ekki þannig."

Daði Bergsson
pípari og fótboltamaður

hefur eignast einbýlishús við Undraland í Fossvogi sem staðið hefur lengi autt og verið lýst sem draugalegu. „Grunnurinn er sterkur þó það þurfi alveg á ást og umhyggju að halda," sagði Daði, sem ásamt Stefaníu Eir Einarsdóttur, kærustu sinni, og stórfjölskyldunni er tekinn til við endurbætur á húsinu. „Það er engin aðkeypt vinna enn þá," tók Daði fram.

Katrín pollróleg og raunsæ fyrir lokasprett tímabilsins

Þing kemur saman síðar í janúar. Búast má við að stjórnarflokkarnir hugsi meira hver um sig í aðdraganda kosninga. Snúið gæti reynst að ná samstöðu um hálendisþjóðgarð, fjölmiðla- og útlendingamál.

STJÓRNMÁL Þing kemur saman 18. janúar og hefst þá lokaskorpan fyrir þingkosningar sem boðað hefur verið til 25. september.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segist pollróleg. „Við höfum bæði verið dugleg að klára mál og svo þarf maður bara að vera raunsær eins og ástandið er."

Katrín segir þegar búið að uppfylla fjölmörg markmið í stjórnarsáttmálanum. Þá hafi flestir skilning á því að faraldurinn hafi haldið fólki uppteknu við önnur og stærri verkefni en menn hafi séð fyrir.

„En þetta verður tiltölulega langt þing, alveg fram í júní, þannig að það er nægur tími," segir Katrín. Vel hafi gengið fyrir jól og ráðherrar hafi komið tímanlega með mál og vinnan í þinginu gengið vel. „Ég var til dæmis mjög ánægð með að sjá hvernig þinginu gekk að fást við fæðingarorlofið fyrir áramót."

Katrín nefnir hins vegar nokkur stór mál eins og miðhálendisþjóðgarð, frumvarp um sameiningu sveitarfélaga, fjölmiðlastuðning og fleira. „Auðvitað eru þetta mál sem þurfa umræðu, en ég held við höfum bæði rúman tíma og að væntingar séu raunsæjar."

Aðspurð segir Katrín að einnig séu stór mál á dagskrá sem unnin hafi verið í öðru ferli en á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

„Frumvörp um breytingar á stjórnarskrá koma inn í þingið skömmu eftir að það kemur saman nú í janúar og mælt var fyrir breytingum á kosningalögum fyrir jólin. Bæði þessi mál hafa fengið góðan undirbúning og mikla vinnu á kjörtímabilinu og því ætti alveg að vera flötur á að klára þau," segir Katrín.

Faraldurinn hefur óneitanlega sett svip sinn á störf ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fréttablaðið ræddi við þingmenn úr röðum stjórnarflokkanna sem voru sammála um að töluverðs taugatitrings gætti nú þegar meðal þingmanna meirihlutans. Kosningastress sé komið í hópinn. Sjálfstæðismönnum þykir ólíklegt að einhver í þeirra hópi sjái ástæðu til að styðja frumvarp um miðhálendisþjóðgarð, enda myndi það draga töluvert úr líkum á því að þeir nái endurkjöri.

> **Auðvitað eru þetta stór mál sem þurfa umræðu, en ég held við höfum bæði rúman tíma og að væntingar séu raunsæjar.**
>
> Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.

Fáir í meirihlutanum styðji frumvarp um stuðning við einkarekna fjölmiðla í núverandi mynd og gera þyrfti verulegar málamiðlanir til að ná því í gegn, sem allir yrðu jafn óánægðir með.

Þá þykja Vinstri grænn ekki líkleg til að styðja herta löggjöf um útlendinga og hælisleitendur, sérstaklega ekki rétt fyrir kosningar.

Öll þessi frumvörp muni þó koma til umræðu og meðferðar í þinginu, þótt litlar líkur séu á góðum árangri.

adalheidur@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI
Jeep
RAM
FIAT

ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA
ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.
FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
BREYTINGAR Á JEEP®, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM
ALLIR BÍLAR SÓTTHREINSAÐIR
STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla

Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM

Upphækkunarsett í Wrangler

Upphækkunarsett í RAM

Falcon demparar

Varahlutaverslun **ÍSBAND** býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérpöntum varahluti í aðra USA bíla.

ARE AEV FALCON TERAFLEX

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 18:00 • OPIÐ FÖSTUDAGA 07:45 - 17:00

FJÓRSÝNING TOYOTA Í DAG LAUGARDAGINN 9. JANÚAR KL. 10–16

HINIR 4WD FRÆKNU

4 BÍLAR MEÐ DRIF Á 4 HJÓLUM SÝNDIR Á 4 STÖÐUM Í EINU

NÝR TOYOTA
HILUX

Enn meira afl og dráttargeta
Þjarkur búinn ríkulegum þægindum

Kaupauki við aukahlutina þína*
Þú kaupir aukahluti að eigin vali fyrir að lágmarki 300.000 kr. og færð aukalega 33" breytingu, heilsársdekk og felgur

Verðlistaverð kaupauka um
570.000 kr.

NÝR TOYOTA
HIGHLANDER
HYBRID

Spánnýr foringi sportjeppanna
Toyota Hybrid hefur aldrei verið svona stór

TOYOTA
LAND CRUISER

Konungurinn er orðinn enn kraftmeiri
Vertu áhyggjulaus við allar aðstæður

70th ANNIVERSARY

Veglegur kaupauki fylgir 70 ára afmælisútgáfu**
33" breyting, heilsársdekk og felgur
Hliðarlistar
Hlíf undir framstuðara
Hlíf á afturstuðara
Krómlisti á hlera
Krómstútur á púst

Verðlistaverð kaupauka um
950.000 kr.

TOYOTA
RAV4
PLUG-IN HYBRID

Eldsnöggur Plug-in Hybrid
Sportjeppi sem gaman er að leika við

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. *Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. */** Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux/Land Cruiser 150 og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

Útboð verkefna á sviði vatnsaflsvirkjana í Rúmeníu á vegum Uppbyggingarsjóðs EES, verður kynnt á vef-fundi 14. janúar kl. 10:00-11:00

Markmið verkefnanna er að auka endurnýjanlega græna orku, auka orkuöryggi og auka samstarf milli Íslands, Lichtenstein, Noregs og Rúmeníu.
Sjö milljónum evra verður varið til fjármögnunar verkefna.
Veittur er stuðningur við verkefni með eftirfarandi áherslur:

a) endurbygging eða endurnýjun núverandi, lítilla eða stórra vatnsaflsvirkjana til að auka raforkuframleiðslu og hagkvæmni;

b) smíði nýrra lítilla vatnsaflsvirkjana (<10MW uppsett afl);

c) stækkun á uppistöðulónum virkjana, getur verið hluti af verkefninu;

d) þjálfun starfsfólks í notkun og viðhaldi búnaðar sem útvegað er af birgjum fyrirtækisins, getur verið hluti af verkefninu.

Sjá nánari upplýsingar á vef Orkustofnunar **os.is**

ORKUSTOFNUN

Ræktin opnuð á ný næsta miðvikudag

COVID-19 Líkamsræktarstöðvar mega hefja starfsemi á ný þann 13. janúar næstkomandi með ströngum skilyrðum. Hámarksfjöldi einstaklinga í sama rými fer úr tíu í tuttugu manns og íþróttastarf barna og fullorðinna verður heimilað að uppfylltum skilyrðum og sömuleiðis íþróttakeppnir án áhorfenda.

Ekki er heimilt að opna skemmtistaði, krár og spilasali að nýju en leikhúsin geta sett á svið sýningar en þó með takmörkum. Fimmtíu manns mega vera á sviði og í sal er heimild fyrir 100 fullorðna og 100 börn. Sama gildir um aðra menningarviðburði.

Guðríður Torfadóttir, einkaþjálfari og eigandi líkamsræktarstöðvarinnar YAMA, segist mjög spennt og fegin að geta mætt aftur í vinnuna og tekið á móti fólki. „Þetta eru bestu tíðindi sem ég hefði geta fengið. Ég er glöð að við getum farið að hreyfa okkur og þjálfarar farið að vinna aftur," segir Gurrý.

> **Þetta eru bestu tíðindi sem ég hefði geta fengið.**

Guðríður Torfadóttir, einkaþjálfari og eigandi YAMA

Þá segir hún að nú fái eigendur líkamsræktarstöðva tækifæri til að sanna að það sé hægt að halda opnu og gæta að sóttvörnum. „Það er okkar að sýna og sanna að við getum haft frábærar sóttvarnir og fylgt öllum reglum. Ég veit að það er það sem allir munu gera," segir Gurrý.

Í gær voru 134 einstaklingar í einangrun með COVID-19 hér á landi. Sólarhringinn á undan greindust tveir innanlands og voru báðir einstaklingarnir sem greindust í sóttkví við greiningu. Tuttugu voru inniliggjandi á sjúkrahúsi vegna sjúkdómsins en enginn á gjörgæslu. **– ilk, la**

Réttirnir eru hannaðir í samstarfi við grænkerann og fjölmiðlakonuna Guðrúnu Sóleyju. MYND/LILJA JÓNSDÓTTIR

Einn af sjö nemendum velur vegan skólamat

Hlutfall þeirra grunnskólanemenda sem kjósa að borða vegan að hluta eða að öllu leyti hefur þrefaldast frá árinu 2017. Ástæðurnar eru margar, sum börn líta til umhverfis, önnur til siðferðis. Öðrum finnst þetta bara góð tilbreyting.

NEYTENDUR „Þetta gerir Skólamat sennilega að einum af stærsta vegan „veitingastað" landsins," segir Katla Hlöðversdóttir, markaðsstjóri Skólamatar.

Fjórtán prósent grunnskólanemenda sem borða mat frá Skólamat kjósa að borða vegan mat, að öllu leyti eða hluta, á hverjum degi. Væri það yfirfært á fjölda eru það um 1.500 grunnskólanemendur á hverjum degi. Skólamatur þjónustar 33 grunnskóla og 17 leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

Katla segir að ástæður þess að krakkarnir vilji veganréttina séu margvíslegar.

„Sumir neyta ekki dýraafurða og aðrir nýta sér þennan kost af umhverfisástæðum. Svo eru margir sem velja veganmat sem góðan valkost og tilbreytingu."

Árið 2015 hóf Skólamatur að bjóða upp á grænmetisrétt sem hliðarrétt við aðalrétt dagsins. Árið 2017 var ákveðið að allir réttirnir yrðu 100 prósent vegan. Þá var hlutfall af heildarmat sem þau sendu frá sér vegan um fimm prósent en er nú um 14 prósent eins og áður segir. Það er því þreföldun á fjórum árum.

Í dag er það þannig að á hverjum degi stendur öllum viðskiptavinum Skólamatar til boða veganréttur samhliða aðalrétti og ekki er gerð krafa um að skrá sig sérstaklega sem vegan til þess að nýta sér þessa þjónustu.

> **Sumir hafa komið í viðskipti sérstaklega vegna þessa möguleika.**



Katla Hlöðversdóttir, markaðsstjóri Skólamatar

Skólamatur hóf samstarf við grænkerann og fjölmiðlakonuna Guðrúnu Sóleyju Gestsdóttur en hún hannaði fyrir þau veganréttina sem eru á matseðlinum núna á hverjum degi.

Katla segir að vegna samkomutakmarkana og breytinga í starfsemi mötuneyta hafi þau ekki enn fengið tækifæri til að hafa eins mikil áhrif á framsetningu matarins og þau vilja og þess vegna hafi veganréttirnir sem þau hönnuðu með Guðrúnu Sóleyju ekki verið eins sýnilegir og stefnt var að.

„En það horfir nú til betri vegar með hækkandi sól og við hlökkum svo sannarlega til að kynna glænýja veganrétti fyrir viðskiptavinum okkar," segir Katla.

Þrátt fyrir þessa erfiðleika segir Katla að viðtökurnar hafi verið jákvæðar og frá því að samstarfið hófst hafi fjölgað í hópi þeirra grunnskóla sem eiga í viðskiptum við þau.

„Sumir hafa komið í viðskipti sérstaklega vegna þessa möguleika," segir Katla.

Hún segir áhugann í dag mun meiri í grunnskólum en í leikskólum. Hún telur að það megi rekja til aldurs barnanna og möguleika þeirra á að taka ákvörðun sjálf um það sem þau eiga að borða.

„Við hjá Skólamat fylgjumst þó náið með þörfum viðskiptavina okkar og að okkar mati teljum við líklegt að áhuginn fyrir veganréttum muni aukast í leikskólum í takt við aukninguna í grunnskólum þegar fram líða stundir," segir Katla. **lovisa@frettabladid.is**

Þróunarsjóður námsgagna

Umsóknarfrestur til **9. febrúar**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Þróunarsjóði námsgagna. Námsefnið þarf að henta til kennslu á þremur fyrstu skólastigunum. Námsefni fyrir háskólastig og fullorðinsfræðslu er ekki styrkt.

Forgangsatriði sjóðsins fyrir árið 2021 eru þrjú:
1. Námsefni er styður við heilsueflingu nemenda, andlega jafnt sem líkamlega heilsu.
2. Námsgögn er styðja við aðlögun og íslenskunám innflytjenda.
3. Námsgögn sem miða að markvissri eflingu orðaforða og hugtakaskilnings í ýmsum námsgreinum. Sérstaklega er horft til frumkvöðlamenntunar og starfs-, iðn, og tækninams.

Umsóknarfrestur er til kl. 12.00 á hádegi, 9. febrúar 2021.

Stefna sjóðsins er að námsefnið sem styrkt er verði gefið út með rafrænum hætti og gert aðgengilegt á netinu, þegar við á. **Hægt verður að sækja um almennan þróunarstyrk fyrir allt að 2,0 milljónir króna, en einnig hægt að sækja um þróunar- og útgáfustyrk fyrir allt að 4,0 milljónir króna.** Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að veita að hámarki tveimur umsóknum þennan hámarksstyrk, að skilyrðum settum.

Upplýsingar um sjóðinn má finna á www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/throunarsjodur-namsgagna/.
Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is.
Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.

Nánari upplýsingar veitir
Skúli Leifsson, sími 515 5843,
skuli.leifsson@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafík hönnun

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is



Áhersla á
vellíðan,
umhverfi og
samnýtingu

Heimavellir verður Heimstaden

7. janúar síðastliðinn sameinaðist rekstur Heimavalla hf. samstæðunni Heimstaden AB og tók upp nafnið Heimstaden hf.

Heimstaden er þriðja stærsta einkarekna leigufélag Evrópu með höfuðstöðvar í Malmö í Svíþjóð. Félagið starfar í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Hollandi, Þýskalandi og Tékklandi. Ísland er sjöunda landið þar sem Heimstaden hefur starfsemi sína.

Heimstaden leggur áherslu á að viðskiptavinum líði vel á heimilum sínum og hefur á undanförnum árum þróað stefnu í rekstri sínum sem byggir á hugmyndafræðinni „*vinaleg heimili*“. Þessi hugmyndafræði hefur skilað aukinni ánægju viðskiptavina Heimstaden í Evrópu, og á Íslandi verður hugmyndafræðin „*vinaleg heimili*“ einnig höfð að leiðarljósi í starfsemi félagsins.

Heimstaden.is

Heimstaden

Vill bólusetja fleiri frekar en spara seinni skammta

BANDARÍKIN Joe Biden, verðandi Bandaríkjaforseti, hyggst hraða bólusetningu gegn COVID-19 með því að útbýta nær öllum tiltækum bóluefnisskömmtum landsins þegar hann tekur við völdum.

Aðferð Bidens stangast á við stefnu fráfarandi stjórnar um að dreifa ekki öllu tiltæku bóluefni strax. Þar sem bólusetning krefst tveggja skammta hafa sitjandi stjórnvöld geymt forða af bóluefninu til að tryggja að þeir sem hafi nú þegar hlotið fyrri skammtinn fái síðari skammtinn líka.

Frá og með fimmtudeginum hafði ríkisstjórnin fengið yfir 21 milljón skammta af bóluefni og milljónir voru komnar í hendur alríkisstjórnarinnar. 5,9 milljónir manns höfðu verið bólusettar.

» Stefna Bidens gengur þvert á ráðleggingar Matvæla- og lyfjastofnunar Bandaríkjanna.

Talsmaður Bidens segir að kerfi sitjandi stjórnvalda gangi of hægt fyrir sig. Þótt hætta sé á að þessi stefna muni ganga á áætlaða síðari skammta þeirra sem þegar hafa fengið fyrri skammt treystir Biden á að bóluefnisframleiðendur muni anna eftirspurn. Þessi stefna gengur þvert á ráðleggingar Matvæla- og lyfjastofnunar Bandaríkjanna sem Biden hefur áður sagst ætla að fylgja. **– atv**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum Sóley

Sjóðurinn leggur áherslu á nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu sem eru til þess fallin að auka samkeppnishæfni og stuðla að sjálfbærni og jákvæðum umhverfisáhrifum á höfuðborgarsvæðinu. Sóley er hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020–2024.

Fjármunir til úthlutunar úr sjóðnum eru nú 7,0 milljónir kr. Hámarksfjárhæð úthlutunar til einstakrar styrkumsóknar er 1,5 milljón kr. Úthlutunarnefnd áskilur sér rétt til að leggja til að öllum umsóknum verði hafnað.

Í umsókn skal koma fram rökstuðningur þess að verkefni það sem sótt er um styrk vegna sé í samræmi við tilgang sjóðsins. Umsækjendur skulu sýna fram á getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd og með umsóknum skal fylgja, eftir því sem við á, greinargóð lýsing á verkefninu, verk- og tímaáætlun, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun), upplýsingar um aðra fjármögnun verkefnis og upplýsingar um eignarhald og rekstrarform. Sjá nánar um starfsreglur sjóðsins á heimasíðu SSH: http://www.ssh.is/soley en þar er einnig að finna rafrænt umsóknareyðublað.

Umsóknarfrestur um styrki úr sjóðnum hefur verið framlengdur og er til og með 31. janúar 2021.
Ákvörðun um úthlutun mun liggja fyrir 15. febrúar 2021.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9, 200 Kópavogi
Sími: 564 1788
Netfang: ssh@ssh.is

Þúsundir Íslendinga stunda drónaflug. Þeir þurfa brátt að kynna sér reglugerð um sportið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Drónaflugmenn þurfi vefnám og hæfnispróf

Undirbúningur að innleiðingu nýrrar Evrópureglugerðar um drónaflug er hafinn. Reglur verða hertar. Flugmenn munu þurfa að undirgangast hæfnispróf og jafnvel verklega þjálfun en það fer eftir stærð og tilgangi drónans.

SAMGÖNGUMÁL Ný Evrópureglugerð um flug dróna sem frestaðist vegna heimsfaraldursins tók gildi um áramótin og er undirbúningur að innleiðingu hennar hérlendis hafinn. Drónaflug er sístækkandi áhugamál hérlendis og flugmenn telja nú þúsundir.

„Þessi reglugerð miðar að því að auka yfirsýn yfir drónastarfsemi og að auka öryggi fólks. Þetta er mun ítarlegra regluverk en hefur verið," segir Þórhildur Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Samgöngustofu. Evrópureglugerðin mun leysa núverandi reglugerð Íslands um fjarstýrð loftför af hólmi.

Verður drónaflugi skipt upp í þrjá meginflokka, tómstundaflug, atvinnuflug og flug stærri dróna. Þá eru undirflokkar undir hverjum flokki og flokkun eftir þyngd þeirra. Vægari reglur eru um dróna undir 250 grömmum sem eru skilgreindir af framleiðendum sem leikföng. Langflestir drónar sem seldir eru hér á landi falla í miðjuflokkinn, 250 til 2.000 grömm með myndavél og rafhlöðum. Þeim verður að fljúga í 50 metra fjarlægð frá fólki.

» Þessi reglugerð miðar að því að auka yfirsýn yfir drónastarfsemi og að auka öryggi fólks.

Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu

„Í dag er kerfið þannig að skylt er að skrá dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni. Með nýju reglugerðinni verða flugmennirnir sjálfir að skrá sig en ekki hvert og eitt tæki. Þá fá þeir númer til að merkja drónana sína," segir Þórhildur.

Mismiklar kröfur verða gerðar til flugmanna eftir stærð og gerð þeirra dróna sem þeir fljúga. Til dæmis verður þeim sem fljúga drónum undir 250 grömmum ekki gert að gangast undir þjálfun heldur munu þeir aðeins þurfa að lesa handbók framleiðandans. Ekkert aldurstakmark verður á léttustu drónunum en ef dróni vegur meira en 250 grömm verður flugmaðurinn að hafa náð 16 ára aldri.

Fyrir stærri dróna mun þurfa að undirgangast vefnámskeið með prófi og jafnvel verklega þjálfun. Það fer allt eftir þeim flokki sem drónarnir falla í. Þar sem innleiðingin er enn í vinnslu er ekki vitað á þessum tímapunkti hver mun sjá um námskeið fyrir drónaflugmenn. Drónaverslanir á Íslandi bjóða nú þegar upp á námskeið á dróna.

Drónaflug er mjög nýtt á Íslandi og íslenska reglugerðin ekki nema fjögurra ára gömul. Samkvæmt Þórhildi hafa ekki komið upp stórvægileg atriði varðandi flugið og er henni ekki kunnugt um nein slys vegna drónanna. „Eftir því sem við best vitum hafa drónaeigendur almennt séð sýnt mikla ábyrgð," segir Þórhildur. „Þessi nýja grein flugsins hefur í langflestum tilvikum gengið mjög vel."

kristinnhaukur@frettabladid.is

NEMAKORT STRÆTÓ

STRÆTÓ Í SKÓLANN

4.542 KR. / MÁN. FULLT VERÐ 54.500 KR.

STRÆTÓ.IS

Þjóðleikhúsið auglýsir eftir samstarfsverkefnum

Þjóðleikhúsið vill efna til skapandi samstarfs við leikhópa utan leikhússins í þeim tilgangi að efla sviðslistir í landinu.

Þjóðleikhúsið auglýsir eftir hugmyndum að leiksýningum sem settar yrðu upp í samstarfi leikhússins við leikhópa, leikárið 2021-2022.

Umsóknum skal skila fyrir 4. febrúar næstkomandi.

Nánari upplýsingar má finna á heimsíðu Þjóðleikhússins leikhusid.is

Þjóðleikhúsið | Hverfisgötu 19 | 101 Reykjavík | 551 1200 | leikhusid.is

Frá Afródisías í Tyrklandi.

Fundu ævafornt hof Afródítu

TYRKLAND Fornleifafræðingar á vesturhluta Tyrklands hafa fundið hof frá sjöttu öld fyrir Krist helgað grísku frósemisgyðjunni Afródítu. Teymið sem uppgötvaði hofið fann hluta af styttu af konu, höggmynd af kvenmannshöfði og áletrun þar sem ritað er „Þetta er heilagt svæði“.

„Þessi fundur bendir til að það hafi verið sértrúarsöfnuður á svæðinu,“ segir Elif Koparal, fornleifafræðingurinn sem leiddi teymið, í viðtali við tyrkneska dagblaðið Hürriyet. „Söfnuðir tileinkaðir Afródítu voru vinsælir á þessum tíma.“

Teymi Koparal fann fyrst vísbendingar um hofið árið 2016, þegar það vann að rannsóknum á leifum frá ýmsum byggðum frá síðasta árþúsundi. Mörg hof voru byggð til heiðurs Afródítu, einna helst á Kýpur og grísku eyjunni Kýtereu.

Forna borgin Afródisías var nefnd eftir gyðjunni og stóð þar sem nú er Tyrkland. Borgin er í dag á heimsminjaskrá UNESCO. **– atv**



Barclays og fleiri bankar hafa varað við netglæpum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Netglæpamenn herja á Breta eftir útgönguna

Bankar í Bretlandi og fleiri ríkjum búast við mikilli aukningu netglæpa eftir að Bretland gekk úr ESB. Nýtt sé óvissa almennings og smárra fyrirtækja um nýjar reglur. Meðal annars hafa glæpamenn rukkað fyrir heilbrigðisþjónustuskírteini, sem eru ókeypis.

BRETLAND Netglæpamenn hafa nýtt sér upplýsingaóreiðu vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu til þess að svíkja fé út úr fólki. Þetta bætist við aukna netglæpi í landinu samfara faraldrinum. Aukningin í ár er 20 prósent.

Eitt það helsta sem glæpamennirnir nýta sér er hið nýja heilbrigðistryggingakort, GHIC, sem leysir af hólmi evrópska tryggingakortið, EHIC. GHIC gildir þó aðeins fyrir Evrópusambandslöndin 27 en ekki Ísland og önnur EFTA-lönd eins og EHIC gerði.

Bretar geta sótt um GHIC-kort ókeypis hjá breska heilbrigðiskerfinu en fjöldi vefsíðna rukkar fyrir að sækja um kortið og lýgur að fólki um umsóknarferlið. Google eyddi fjölda auglýsinga þessara síðna af leitarvél sinni eftir að bent var á þetta.

„Þegar auglýsingar brjóta skilyrði okkar fjarlægjum við þær,“ segir í yfirlýsingu Google. Síðurnar eru þó enn sýnilegar á leitarvélinni.

Á síðunum er ranglega sagt að umsókn um GHIC sé flókið og tímafrekt ferli og fólk er vanalega rukkað um 30 pund, eða rúmlega 5 þúsund krónur, fyrir þá „þjónustu“ að útvega kortið.

Bankinn Barclays gaf í desember út viðvörun til fyrirtækja og einstaklinga um að netglæpir myndu líklega aukast til muna eftir útgönguna og fólk þyrfti að vera á varðbergi. Ætti þetta sérstaklega við um lítil fyrirtæki sem hefðu ekki burði til öflugra netvarna.

„Fyrirtækjaeigendur sem þekkja ekki þær nýju reglur sem taka gildi við útgönguna gætu átt í erfiðleikum með að gera greinarmun á raunveruleikanum og svindli,“ segir Jim Winters, yfirmaður svikadeildar Barclays.

> **Fyrirtækjaeigendur sem þekkja ekki þær nýju reglur sem taka gildi við útgönguna gætu átt í erfiðleikum með að gera greinarmun á raunveruleikanum og svindli.**
>
> Jim Winters,
> yfirmaður svikadeildar Barclays

Winters segir algengt að netglæpamenn nýti sér óvissu og leggi út fleiri net.

Algengasta aðferðin sem glæpamenn hafa notað í faraldrinum er beituárásir (e. phising), það er að villa á sér heimildir til þess að veiða bankaupplýsingar, lykilorð og fleira frá fólki. Af öllum netglæpum árið 2020 voru þessir glæpir 42 prósent, og á síðasta hálfa ári hefur beituárásum fjölgað um 79 prósent. Fjórðungur glæpanna var falskar sölusíður þar sem fólki voru seldir hlutir sem voru ekki til.

Bretar og bresk fyrirtæki eru ekki einu fórnarlömbin sem netglæpamenn herja á.

Þeir sem stunda mikil viðskipti við Breta eru einnig í hættu, til dæmis nágrannar þeirra Írar. Írlandsbanki gaf út viðvörun fyrir áramót vegna þessa. Vegna mikillar óvissu þyrftu fyrirtæki að vera sérstaklega á varðbergi. Algengt sé að glæpamenn þykist vera breskir birgjar eða viðskiptamenn og segist vilja að greiðslur berist á nýjan reikning vegna útgöngunnar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Öryggisíbúðir Eirar til langtíma leigu Grafarvogi Reykjavík

Tveggja og þriggja herbergja vandaðar öryggisíbúðir Eirar til leigu í Grafarvogi, Reykjavík.

Eirborgir, Fróðengi 1—11, 112 Reykjavík.
Eirarhús, Hlíðarhúsum 3—5, 112 Reykjavík.

- Rólegt og notarlegt umhverfi með aðgengi að metnaðarfullri aðstöðu og þjónustu með það að markmiði að einstaklingurinn geti búið lengur heima.
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn.
- Aðgengi að mötuneyti og félagsmiðstöð.
- Góðar gönguleiðir í nágrenninu.

Hafið samband í síma 522 5700 milli 8 og 16 virka daga eða pantið gögn og nánari upplýsinar ásamt skoðun á netfangið sveinn@eir.is

Eir öryggisíbúðir ehf.
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. ☎ 522 5700

Nýr ID.3

Rafmögnuð upplifun!

Verð frá
5.190.000 kr.

#NúGeturÞú

Forbókaðu reynsluakstur á **www.hekla.is/reynsluakstur**

ID.3 í Reykjavík.

Vistvænn ferðamáti

Rafmögnuð akstursafköst, tækni og tímamótahönnun. ID.3 fæst með tveimur rafhlöðustærðum sem gera drægnina frá allt að **420 km til allt að 550 km** skv. WLTP. Nýr ID.3 endurspeglar óskir viðskiptavina í gæðum, þægindum, rými og tækni. Aðstoðarkerfin gera aksturinn öruggari, skemmtilegri og einfaldlega betri. Með appinu getur þú svo valið að fara inn í hlýjan bíl alla morgna. Framtíðin er reiðubúin og hún bíður þín.

Við biðjum gesti að aðstoða okkur í að gæta sóttvarnareglna og virða 2 metra bilið á milli gesta.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5

Veldu þinn uppáhalds ID.3 á
www.hekla.is/volkswagensalur

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Landráð

Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Til eru þeir sem telja Bandaríkin vöggu lýðræðis. Fráfarandi forseti hefur fátt gert til að styrkja landið í sessi í þeim efnum. Þvert á móti hefur hann ólmast eins og óþægur krakki í aðdraganda og kjölfar forsetakosninganna í nóvember gegn þeirri niðurstöðu sem þar fékkst, því hann gat ekki horfst í augu við vilja meirihluta kjósenda.

Enn lifir rúm vika af valdatíð Trumps í Hvíta húsinu. Þar hefur hann setið sleitulaust í fjögur ár og þaðan hefur hann staðið fyrir hverju furðumálinu á fætur öðru. Veggurinn sem hann vildi setja upp á landamærunum við Mexíkó var sennilega fyrsta dellumakið og fleiri voru á sömu lund. Í fersku minni er þrugliið í forsetanum og fálmið þegar heimsfaraldurinn tók að breiðast um landið og má leiða að því rök að þau viðbrögð hafi kostað mannslíf.

Vera má að Trump hafi komið einhverju góðu til leiðar en vitleysan yfirskyggir það allt, ef eitthvað er. Steininn tók svo úr á miðvikudag þegar stjórnlaus rumpulýður ruddist inn í þinghúsið í Washington þar sem deildir þingsins voru í óðaönn að staðfesta niðurstöðu forsetakosninganna – allt að áeggjan forsetans, sem jós olíu í allar áttir á eld andspyrnu gegn lýðræðinu. Yfirlýsingar hans um að viðurkenna ekki úrslit kosninganna og að þau hafi verið illa fengin, mögnuðu upp múgæsinguna sem leiddi til að gerð var árás á þinghúsið og tilræði gert gegn lýðræðinu.

Á þessu ber Trump einn ábyrgð með innistæðulausum ásökunum, sem hefur verið hrundið fyrir hverjum dómstólnum á fætur öðrum. Þegar forystumaður þjóðar hagar sér þannig er það varla nokkuð nema landráð. Þetta mál og aðdragandi þess hefur hlotið fordæmingu þjóðarleiðtoga um allan hinn vestræna heim. Núlifandi fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna eru meðal þeirra sem fordæmt hafa atlöguna.

Lýðræði er sáttmáli þjóðar og þegar leiðtogi hennar, jafnvel þó á förum sé, vegur beinlínis að þeim sáttmála getur illa farið. Brestir í sáttmálanum sem af því hljótast geta kynt bál svo stórkostlega að ekkert fáist við ráðið. Borgarastríð hefur brotist út af minna tilefni.

En atburðirnir í þinghúsi Washingtonborgar í vikunni eru ekki einsdæmi og ekki þarf að líta langt til að finna eins konar hliðstæðu. Veturinn 2008 var ófriðlegt á Austurvelli. Daglega safnaðist þar saman fólk sem fann reiði sinni útrás með því að berja í búsáhöld og gera hróp að þinghúsinu og þeim sem þar voru inni. Þetta var viðkvæm staða og menn óttuðust stigmögnun. Ekki síst að ráðist yrði inn í þinghúsið.

Og að því kom þegar hópur fólks ruddi sér braut þangað inn. Framganga þingmanns var til umfjöllunar í fjölmiðlum á þessum tíma og gagnrýndi formaður Landssambands lögreglumanna hann fyrir framgöngu hans við mótmælin. Í stað þess að fylgja tilmælum um að halda sig frá gluggum hússins hafi þingmaðurinn staðið úti við glugga og hvatt mótmælendur til dáða. Síðar varð þessi þingmaður ráðherra.

Þeir leynast víða landráðamennirnir.

Þegar forystumaður þjóðar hagar sér þannig er það varla nokkuð nema landráð.

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Brennivargar í slökkviliðsbúningi

Sögur eru ekki allar skrifaðar á blað. Sumar lifa aðeins í hugum fólks. Slíkur skáldskapur getur þó fuðrað upp jafnfljótt og pappír á bókabrennu.

Öldungadeildarþingmaðurinn James Lankford stóð hnarreistur í þinghúsinu í Washington síðastliðinn miðvikudag við upphaf ræðu þar sem hann hugðist krefjast þess að úrslitum forsetakosninganna yrði hnekkt. Hann hafði ekki fyrr hafið upp raust sína en aðstoðarmaður stöðvaði hann og hvísladi: „Mótmælendur eru komnir inn í bygginguna.“ Lankford, heitur stuðningsmaður Trumps og samsæriskenninga hans um kosningasvik, virtist brugðið við fréttir af innrás skoðanasystkina sinna. „Takk fyrir,“ sagði hann skelkaður og bjóst til að flýja þingsalinn.

Það sem ekki er til

Fyrir um 70.000 árum varð stökkbreyting í heila mannsins. Í kjölfarið tóku tungumálahæfileikar tegundarinnar óvæntum framförum. Í stað þess að tjá sig aðeins um það sem við blasti í raunheimum – tré, steina, vatnsból og ljón sem lágu í leyni – fór maðurinn að geta tjáð sig um hluti sem ekki voru til í alvörunni. Hann fór að spinna upp sögur.

Í metsölubók sinni Sapiens – mannkynssaga í stuttu máli leiðir ísraelski sagnfræðingurinn Yuval Noah Harari að því líkur að hæfileiki mannsins til uppspuna liggi yfirburðum hans til grundvallar. Harari segir þennan eiginleika valda því að maðurinn geti unnið í stærri hópum en nokkur önnur dýrategund. Þúsundir, jafnvel milljónir einstaklinga, geti sameinast um sögu og unnið að sameiginlegu markmiði í krafti hennar. Sem dæmi um sögur, hluti sem ekki séu til í alvörunni heldur fyrirfinnist aðeins í sameiginlegum hugarheimi mannsins, nefnir Harari þjóðríki, lög, guð, peninga og lýðræði.

En hvernig fær maður fólk til að trúa á eitthvað sem er ekki til? Regla númer eitt samkvæmt Harari er að viðurkenna aldrei að um uppspuna sé að ræða.

Blind trú

Í vikunni ruddust stuðningsmenn Donalds Trump Bandaríkjaforseta inn í Bandaríkjaþing. Kölluðu margir uppátækið tilraun til valdaráns. Árásin var gerð að áeggjan forsetans sjálfs, en vikum saman hefur hann haldið fram tilhæfulausum staðhæfingum um að kosningasvindl hafi kostað hann sigur í forsetakosningunum sem fram fóru í nóvember síðastliðnum. Fáir innan Repúblikanaflokksins fordæmdu lygilegar ásakanir Trumps opinberlega. Margir sáu þvert á móti hag sínum borgið að fylkja sér að baki forsetanum og éta þær upp eftir honum. Það virtist ekki skipta menn máli þótt þeir væru röngum megin sögunnar, svo lengi sem þeir sjálfir komust á spjöld hennar.

En lygar hafa afleiðingar. Það er ekki hægt að pönkast endalaust í lýðræðinu og ætlast til að það haldi.

Síðastliðinn miðvikudag tóku loks að renna tvær grímur á Repúblikana. Eftir fólskulega árás á hjarta lýðræðisins hætti fyrrnefndur James Lankford við að mótmæla kjöri Joes Biden í embætti forseta, eins og hann hafði ætlað sér. Starfslið Trumps í Hvíta húsinu segir nú upp störfum í hrönnum. Repúblikanar keppast loks við að afneita Trump. Þykir mörgum seint í rassinn gripið. Þarna fari brennivargar klæddir sem slökkviliðið.

Lýðræðið er saga, hugarburður mannsins. Það er hins vegar rangt hjá Yuval Noah Harari að til að viðhalda því þurfum við að fela þá staðreynd. Þvert á móti stafar lýðræðinu ekki meiri ógn af neinu en einmitt blindri trú á tilvist þess. Ekkert er lýðræðinu hættulegra en þegar við förum að halda að það sé náttúrulögmál, óhagganleg staðreynd. Lýðræðinu er ógnað þegar við gleymum því að það er skáldskapur, samningur manna á milli sem þarf að heiðra svo að hann haldist í gildi. Um leið og við hættum að virða leikreglur lýðræðisins fuðrar það upp.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Appotek.is

Í netapótekinu appotek.is getur þú pantað lyf, fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur og fleira
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu og frí póstsending út á land*

Netapótekið er á vefslóðinni www.appotek.is
Hægt er að fara í netapótekið með tölvum og farsímum



Í Appótekinu (appotek.is) getur þú:

- Séð hvaða lyfseðla þú átt í gáttinni
- Látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið
- Fengið lyfin send til þín hvert á land sem er

Í Appótekinu getur þú einnig:

- Séð og pantað lyf sem fást án lyfseðils
- Pantað fæðubótarefni, vítamín, heilsuvörur ofl.

Foreldrar barna 15 ára og yngri með sama lögheimili geta séð hvaða lyfseðla börnin eiga í gáttinni, látið taka til lyfin áður en þau eru sótt í apótekið eða fengið lyfin þeirra send heim

Appótekið (appotek.is) er netapótek Garðs Apóteks
*Sjá nánari skilmála á appotek.is

GARÐS APÓTEK -rétt leið

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS

GARÐS APÓTEK · Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Netfang: gardsapotek@gardsapotek.is
Vefsíða: gardsapotek.is · Netapótek: appotek.is · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

Upphafið að ánæg

Byrjaðu rafmagnað líf með MG

Sjö ára ábyrgð



Raf-magnaður glæsileiki





Hlaðinn hugviti og gæðum

Magn
í tíu á

Landsins mesta úrval rafbíla

Hjá BL getur þú valið um 24 mismunandi tegundir og gerðir hreinna rafbíla, Hybrid eða Plug-in Hybrid.

Heimsending á reynsluakstri

Þú getur óskað eftir að fá reynsluakstursbíl af flestum tegundum okkar sendan heim að dyrum og við sækjum hann svo til þín aftur. Um leið er tilvalið að láta okkur taka gamla bílinn þinn í söluskoðun á meðan þú mátar þig við þann nýja.

Allir bílar kolefnisjafnaðir

Í samstarfi við Kolvið kolefnisjöfnum við alla selda nýja bíla. Þess vegna plöntuðum við 14.000 trjám á síðasta ári til að búa í haginn fyrir bætt loftgæði og enn bjartari framtíð. Markmið okkar er að allir bílar sem við seljum séu kolefnisjafnaðir til að flýta fyrir þróun sífellt sjálfbærari samgangna.

gjulegra ferðalagi!

Sjö ára ábyrgð á öllum Hyundai

HYUNDAI

Fimm stjörnu bylting í pallbílum

ISUZU

Bíll ársins var bara byrjunin

JAGUAR

naður leiðtogi r

Raf-magnað ár hjá Renault

RENAULT

Á þriðja þúsund rafbíla seldir

Frá því fyrsti Nissan LEAF kom til landsins og rafbílavæðingin byrjaði fyrir alvöru hefur BL verið í fararbroddi hér á landi þegar kemur að framboði, fræðslu og þjónustu við eigendur rafbíla. Við veitum einnig ráðgjöf og þjónustu við val á heimahleðslustöðvum.

BL lengir ábyrgðina

Við höfum lengt ábyrgðartíma flestra bíltegunda okkar. Kynntu þér lengri ábyrgð og framúrskarandi þjónustu á bl.is.

BL ehf
Sævarhöfða 2, 110 Rvk. / 525 8000

Jaguar / Land Rover
Hesthálsi 6-8, 110 Rvk. / 525 650

Hyundai
Kauptúni 1, 210 Garðabæ575 1200

BL

MENNTAMÁLASTOFNUN

Menntamálastofnun óskar eftir samstarfi

Menntamálastofnun óskar eftir samstarfi við kennara um þróun verkefna í málnotkun fyrir samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk.

Hjá Menntamálastofnun eru samræmd könnunarpróf í stöðugri þróun en þeim er ætlað að endurspegla áherslur í aðalnámskrá grunnskóla. Við gerð prófatriða er beitt faglegum og öguðum vinnubrögðum og prófatriði markvisst búin til þannig að þau reyni á tiltekna færni með tilteknum hætti.

Hugmyndin með samstarfinu er að fá nokkra reynda íslenskukennara í afmarkaða vinnu við gerð nýrra prófatriða.

Gert er ráð fyrir að verkefnið verði unnið í verktakavinnu og ákveðinn sveigjanleiki er á því hvenær það er unnið.

Nánari upplýsingar veita Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs sverrir.oskarsson@mms.is og Inga Úlfsdóttir, prófræðingur, inga.ulfsdottir@mms.is.

Mikill áhugi að utan

Áhugi að utan varð til þess að Kraftlyftingasambandið skoðaði að fá erlenda dómara á RIG með tilheyrandi sóttvarnaaðgerðum, en mótið verður innlent.

KRAFTLYFTINGAR Kraftlyftingasamband Íslands var með það til skoðunar að reyna að finna alþjóðlega dómara sem voru búnir að fá kórónaveiruna í von um að geta haldið mót með alþjóðlega vottun í byrjun árs, en búið er hætta við þær áætlanir. Þetta staðfesti Gry Ek Gunnarsson, formaður Kraftlyftingasambandsins í samtali við Fréttablaðið. Það er því stefnt að því að halda innlent mót á Reykjavíkurleikunum, ef þeir fá að fara fram undir lok mánaðarins.

„Við vorum að láta okkur dreyma um það að halda alþjóðlegt mót, til þess þyrftum við að fá dómara að utan, en erum hætt við það. Það er enginn grundvöllur fyrir því þegar verið er að setja hertar reglur í Evrópu og veiran er í sókn að ferðast til Íslands," segir Gry Ek.

„Við fundum fyrir miklum áhuga erlendis. Það voru einstaklingar sem voru mjög æstir að koma, tilbúnir að sitja í gegnum sóttkví bara til þess eins að fá að keppa á alþjóðlegu móti. Óþreyjan eftir því að keppa er orðin það mikil innan kraftlyftingahreyfingarinnar."

Júlían J. K. Jóhannsson með lyftu á RIG á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Búið er að gefa leyfi fyrir keppnisíþróttum á nýjan leik undir ákveðnum skilyrðum og er því stefnt að því að innanlandsmót í kraftlyftingum verði hluti af Reykjavíkurleikunum í janúar.

„Miðað við upplýsingarnar sem komu út í gær stefnum við að því að halda mót á RIG. Allt okkar fólk er búið að bíða spennt, enda allt of langt liðið frá síðasta móti."

kristinnpall@frettabladid.is

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR UM LEIGUÍBÚÐIR Í VOGABYGGÐ

Bjarg íbúðafélag hefur opnað fyrir umsóknir um leiguíbúðir við Bátavog í Vogabyggð í Reykjavík.

Umsóknir og nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins **www.bjargibudafelag.is**

BJARG ÍBÚÐAFÉLAG

BSRB

Ýmir Örn verst gegn Portúgal í fyrri leik liðanna í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þurfum að fá stöðuga markvörslu allan leikinn

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handbolta mætir á morgun Portúgal í öðrum leik liðanna af þremur á stuttum tíma, en liðin leiða saman hesta sína að Ásvöllum í undankeppni EM 2022. Liðin áttust við ytra í miðri viku en þá fór portúgalska liðið með tveggja marka sigur af hólmi. Fréttablaðið fékk Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfara kvennaliðs Vals og aðstoðarþjálfara íslenska kvennalandsliðsins, til þess að rýna í leik liðanna og spá í spilin fyrir framhaldið.

„Mér fannst tempóið svolítið hægt í sóknarleiknum í fyrri hálfleik en það batnaði í seinni hálfleik og þá var það aðallega slæm nýting í dauðafærum sem varð okkur að falli. Ég held að Guðmundur [Þórður Guðmundsson, þjálfari íslenska liðsins] sé aðallega að fara yfir seinni bylgjuna í hraðaupphlaupum milli leikja hvað sóknarleikinn varðar. Við erum að spila þar krossblokk sem þarf að fínstilla enn frekar," segir Ágúst Þór um spilamennsku Íslands í Portúgal á miðvikudagskvöldið síðastliðið.

„Ef við snúum okkur að varnarleiknum þá fannst mér hann heilt yfir fínn í leiknum. Það er kannski helst að við þurfum að fara yfir hvernig við verjumst þegar þeir spila sjö á sex. Við náðum að gera það vel þegar við mættum þeim á EM fyrr á þessu ári en það munaði mikið um þegar Alexander [Petersson] fór meiddur af velli. Varnarleikurinn hægra megin var ekki nægilega sterkur þegar hans naut ekki við. Svo verðum við að fá stöðugri markvörslu allan leikinn. Ágúst Elí [Björgvinsson] hrökk í gang undir lokin en við þurfum jafnari vörslu," segir þjálfarinn þrautreyndi.

„Mér fannst Elvar Örn [Jónsson] eiga góðan leik í Portúgal og Viggó Kristjánsson átti góða innkomu. Bjarki Már [Elísson] skilaði prýðilegu verki en hann þarf hins vegar nýta færin sín betur. Sama má segja um Sigvalda Björn [Guðjónsson] í hinu horninu. Klúðrin af vítalínunni voru líka dýr.

Svo finnst mér Gísli Þorgeir [Kristjánsson] mega fá aðeins meira traust. Gísli Þorgeir þarf að skynja það að hann þurfi ekki að sanna sig þegar hann kemur inn. Mér fannst hann fara full snemma í árásir og klippingar og það vantaði aðeins meiri ró í aðgerðir hans," segir Ágúst. – **hó**

reitir.is

Yfirsýn yfir efnahaginn og sundin blá

Til leigu 338 m² skrifstofurými á 2. hæð á Laugavegi 182.
Björt rými með vönduðum innréttingum í fallegu húsi með bílakjallara.

Nánari upplýsingar á **reitir.is/skrifstofur** og hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra á **halldor@reitir.is** eða í síma 840 2100.

REITIR
FASTEIGNAFÉLAG

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
9. JANÚAR 2021 LAUGARDAGUR

Þau Árni og Sesselja hafa unnið saman frá árinu 2007 að hvatningu til aukinna hjólreiða en einnig hefur Árni séð um ástandsskoðun reiðhjóla í skólum, á vinnustöðum og víðar undir merkjum Dr. Bæk. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Auðvelt að hjóla í bænum

Þau **Árni Davíðsson** og **Sesselja Traustadóttir** hafa um árabil unnið að hvatningu til aukinna hjólreiða hér á landi og í vetur standa þau enn eitt árið fyrir hjólatúr frá Hlemmi annan hvern laugardag og eru allir velkomnir.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Í huga margra er janúar ekki tíminn til hjólaferða en með því að setja nagla undir hjólið eru hjólreiðafólki flestir vegir færir.

„Naglar á reiðhjóli gera hjólreiðar mjög öruggar jafnvel í glerhálku þótt auðvitað þurfi að miða hraða og beygjur við aðstæður," segir Árni og Sesselja bætir við að alla jafna sé best að vera á nöglum ef hálka er úti eða útlit fyrir hálku. „Ef það er þíða geta menn sem best sleppt nöglunum, jafnvel um hávetur."

Markmiðið með laugardagsvetrarferðunum segja þau vera að hittast og sjá hversu auðvelt sé að hjóla í bænum.

„Að hjóla getur verið félagslegur viðburður. Þegar maður hjólar með öðrum verður það alltaf í góðra vina hópi jafnvel þótt menn þekkist lítið þegar lagt er af stað," segir Sesselja.

Ferðirnar hefjast upp úr klukkan tíu annan hvern laugardagsmorgun og eru hjólaðar mismunandi leiðir um borg og bý eftir rólegum götum og stígum í eina til tvær klukkustundir.

„Oft er auglýstur einhver sérstakur áfangastaður eða eitthvað sem við skoðum á leiðinni og oftast tengist það einhverju varðandi hjólreiðar, samgöngur eða skipulag," segir Árni.

> AÐ HJÓLA GETUR VERIÐ FÉLAGSLEGUR VIÐBURÐUR. ÞEGAR MAÐUR HJÓLAR MEÐ ÖÐRUM VERÐUR ÞAÐ ALLTAF Í GÓÐRA VINA HÓPI JAFNVEL ÞÓTT MENN ÞEKKIST LÍTIÐ ÞEGAR LAGT ER AF STAÐ.

Nóg að mæta með hjól

Bæði eru þau sammála um að ferðirnar eigi að henta flestum sem hafa aðgang að hjóli og treysta sér til að hjóla nokkra kílómetra.

„Mikið er lagt upp úr spjalli, samveru og rólegri ferð. Það má segja að þessar ferðir séu ekki hugsaðar sem ferðir til hjólaæfinga. Það sem kannski gerir þessar ferðir aðeins öðruvísi en hjá öðrum er að við hjólum jafnt á rólegum götum eins og á stígum enda eru götur með 30 kílómetra hámarkshraða hentugar til hjólreiða og reiðhjólið er ökutæki sem ætlast er til að sé notað á götunum," útskýrir Sesselja.

Fyrsta laugardagsferðin var farin 2. október árið 2010 og hefur þeim síðan verið haldið úti alla vetur frá byrjun október til enda apríl. Þau segja fjölbreyttan hóp hafa mætt í gegnum tíðina en að flestir séu á aldursbilinu 40-70 ára.

„Við vildum gjarnan sjá fleira yngra fólk. Tíminn var hugsaður svo fjölskyldufólk gæti skotist í hjólaferð og átt síðan tímann eftir hádegið með fjölskyldunni," segir hún.

„Það er oft sama fólkið sem mætir heilan vetur og sumir koma jafnvel vetur eftir vetur. Það er samt ekki markmiðið í sjálfu sér, þvert á móti er sóst eftir nýju fólki í hvert skipti."

Ekki þarf sérstakan útbúnað til að taka þátt, nóg er að eiga hjól og henta ferðirnar öllum gerðum hjóla.

Ekki farið hratt yfir

„Það er ekki farið hratt yfir og hraði miðaður við hægasta mann," segir Árni. „Það er kannski best að fólki líði vel á hjólinu sínu og gott að vera á nagladekkjum ef það er hálka. Þægilegur og hæfilega hlýr fatnaður er góður til að klæða sig í. Það er gott að vera vel búinn til handa og fóta því kuldinn mæðir mest á þessum útlimum. Yfir háveturinn er svo gott að hafa ljós á hjólinu að framan og aftan þótt það eigi að heita að það sé dagur þegar ferðirnar eru farnar."

Þetta er ellefta árið sem staðið er fyrir laugardagshjólaferðunum og hefur fjölbreyttur hópur mætt. MYND/AÐSEND

Fyrsta ferðin

9. janúar – Hjólað um miðborgina

Í fyrstu ferðinni eftir áramót er ætlunin að hjóla um miðborgina og sjá hvernig hún er að þróast fyrir þá sem hjóla. Hjólað verður í um einn og hálfan tíma og stoppað nokkuð víða.

Nánari upplýsingar: lhm.is/hjolaferdir.

Letin rak mig á hjólið

Árni er formaður Landssamtaka hjólreiðamanna. „Ég byrjaði að hjóla sem barn en hætti um 14 ára aldurinn en byrjaði svo aftur 21 árs á þriggja gíra DBS-hjóli sem ég keypti mér. Ég hafði labbað úr og í skóla og vinnu frá fyrstu tíð og var einfaldlega fljótari á hjólinu. Letin rak mig á hjólið," segir Árni í léttum tón.

Hefur ekki stoppað

Sesselja hefur unnið að fjölmörgum verkefnum til að hvetja til hjólreiða undir merkjum Fjallahjólaklúbbsins, Landssamtaka hjólreiðamanna og Hjólafærni. Hún fór ekki að stunda hjólreiðar fyrr en á fullorðinsárum þegar hún flutti í Laugarneshverfið. „Þá var Hjólað í vinnuna að hefjast og ég hjólaði af stað og hef varla stoppað síðan. Ég er nánast eingöngu á rafmagnshjólum nú til dags, nytjahjólum, rafskútum og einstaka sinnum á hefðbundnu hjóli."

MÁNUDAG 19:10

Kjötætur óskast

Stórskemmtileg þáttaröð um samfélagstilraun sem reynir á þolrifin hjá erkikjötætum og matvöndum börnum og fullorðnum. Fjórar íslenskar fjölskyldur gerast grænkerar í 4 vikur til að minnka kolefnisspor sitt. Hópurinn fer í ýmsar rannsóknir í ferlinu og útkoman kemur verulega á óvart.

Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**

25% AFSLÁTTUR

ALEXA
Vandaður borðstofustóll.
Svart, brúnt eða hvítt ekta leður.

26.243 kr. ~~34.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

35% AFSLÁTTUR

EVELYN
Skemmtilegur borðstofustóll.
Ólívugrænt eða grátt velúráklæði.

9.094 kr. ~~13.990 kr.~~

KARUP
Borðstofustóll.
Svart beyki og grátt áklæði.

30% AFSLÁTTUR

24.493 kr. ~~34.990 kr.~~

PASSO
Borðstofuborð með endingargóðri keramikborðplötu og svörtum viðarfótum. Stækkanlegt í 300 cm með tveimur 50 cm stækkunum sem fylgja og geymast inni í borðinu þegar þær eru ekki í notkun. Stærð: 100 x 200/300 x 75 cm

160.993 kr. ~~229.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

ERIS
Borðstofustóll.
Hvítur með samlitum fótum.

6.993 kr. ~~9.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

OSLO
Skemmtilegur sófi í klassískum stíl. Rústrautt fallegt sléttflauel og viðarlitir fætur. Stærð: 234 x 91 x 80 cm

181.993 kr. ~~259.990 kr.~~

15% AFSLÁTTUR

CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt antrazit áklæði. Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm

161.492 kr. ~~189.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

BILOXI
Biloxi sófinn fæst í gráu og bláu Danny áklæði, ljósgráu og búrgúndí rauðu Diva áklæði og þremur litum af sléttflaueli. Þéttur og góður svampur gerir sófan þægilegan. Vegna skemmtilegrar hönnunar fær sófinn verðskuldaða athygli. 47 cm sethæð. Stærð: 200 x 80 x 84,5 cm

79.992 kr. ~~99.990 kr.~~

30% AFSLÁTTUR

ALLIR PÚÐAR – MIKIÐ ÚRVAL

BROSTE TREE LUKTIR

50% AFSLÁTTUR

BROSTE BEND KERTI

30% AFSLÁTTUR

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Upplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

RISA ÚTSALA

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

Allt að 60% afsláttur

AVILA
Glæsilegur hornsófi í Avila línunni. Armar eru breiðir og þægilegir. Setpullur eru háar og í hluta baks er saumað tíglamynstur sem gefur bæði sérstakt útlit og bronslitan glampa í vissu ljósi. Fætur eru úr svörtum járnbogum. Stærð: 276 × 210 × 77 cm

224.993 kr.
~~299.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

15% AFSLÁTTUR

HAVANA
Glæsilegur og þægilegur hægindastóll úr vönduðu, ekta leðri. Stóllinn er á krómuðum snúningsfæti. Flottur einn og sér og líka sem stakur stóll við sófasett.

101.992 kr. ~~119.990 kr.~~

EDE
3ja sæta sófi og stóll í Ede línunni í dökkgráu áklæði. Set- og bakpullur eru þykkar og þægilegar. Fætur eru úr bogadregnu, svörtu járni. Glæsileg, tímalaus hönnun.

3ja sæta, áklæði: 205 x 95 x 82 cm
83.994 kr. ~~139.990 kr.~~

Stóll í áklæði: 93 x 95 x 82 cm
53.994 kr. ~~89.990 kr.~~

40% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR

ALBA
Hægindastóll með eða án skemils. Svart eða ljósgrátt leður.

Stóll	Skemill
87.992 kr.	23.992 kr.
~~109.990 kr.~~	~~29.990 kr.~~

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

Kristborg Bóel hefur stundað mikla sjálfsvinnu undanfarin ár eftir tvo skilnaði, þrot og uppgjör við erfiða æsku. ADHD-greining á fullorðinsárum breytti að hennar sögn öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vináttan grípur mann alltaf

Kristborg Bóel Steindórsdóttir lauk nýverið við gerð sjónvarpsþátta um vináttu. Vinir eru hennar fjölskylda jafnt sem ættingjar, en hún ólst upp á alkóhólísku heimili og leið sem hún hefði dottið ofan í rangt hreiður.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Kristborg Bóel býr í lítilli, fallegri íbúð í Norðurbæ Hafnarfjarðar ásamt yngsta syni sínum, sex ára.

„Getum við munað eftir að tala um mikilvægi góðra stjúptengsla?“ Þannig hljóðuðu skilaboð sem Bóel, eins og hún er oftast kölluð, sendi mér þegar ég var á leiðinni til hennar. Sonurinn hafði vaknað hálfslappur og því ekki ráðlagt að hann færi í skólann og þar sem barnsfaðir Bóelar býr ásamt „hinni mömmunni,“ eins og Bóel sjálf kýs að kalla konu hans, í þar næsta húsi var það auðsótt að drengurinn færi til hennar í dag á meðan Bóel sinnti viðtali og myndatöku.

Vináttan grípur mann alltaf

Á fimmtudagskvöldið hóf göngu sína í Sjónvarpi Símans þáttaröðin Vinátta undir stjórn Bóelar, en hugmyndina fékk hún ásamt vinkonu sinni sólríkan dag sumarið 2019 þar sem þær sátu á kaffihúsi. Bóel hafði þá nýlokið við að skila af sér sjónvarpsseríunni Ást sem sýnd var á sömu stöð síðasta haust, en fleira var ekki í pípunum.

„Þrjár konur upp úr áttræðu komu þá að og settust saman, við María vinkona mín dáðumst að þeim og fylgdumst með þegar ein fór inn og kallaði til vinkvenna sinna: „Stelpur eigum við kannski að fá okkur hvítvín?“

María leit þá á mig, sem hafði nýsleppt orðunum að mig langaði að gera aðra sjónvarpsseríu, en vissi bara ekki um hvað, og sagði: „Ástin getur komið og farið en það sem grípur mann alltaf er vináttan!“

Ég hringdi beint í Pálma Guðmundsson stjórnanda Sjónvarps Símans og bað hann um fund sem ég svo mætti á með nánast aðeins eitt orð: Vinátta. Hann hafði trú á hugmyndinni enda ótrúlegt að enginn hafi gert sjónvarpsþætti um vináttu.“

Bóel fékk svo Sagafilm til að sinna framleiðslu þáttanna og um síðustu áramót settist hún niður með Álfheiði Mörtu Kjartansdóttur, leikstjóra og Tinnu Jóhannsdóttur sem er yfir dagskrárdeildinni og varð afraksturinn sex þættir um vináttuna frá fjölmörgum hliðum.

Í sex barna bekk í grunnskóla

Bóel er fædd og uppalin á Stöðvarfirði og í 10. bekk var hún send á Eiða í heimavistarskóla, en vegna fámennis var grunnskólinn á Stöðvarfirði ekki með 10. bekk.

„Við vorum bara sex krakkar í bekknum, fjórar stelpur og tveir strákar. Það var því ekkert sérstakt val um vini,“ segir Bóel, sem þó heldur enn góðu sambandi við Hörpu, eina bekkjarsysturina. „Það má segja að hún þekki mig best allra minna vina enda þekkt mig lengst. En ég er þó ekkert á því að æskuvinátta sé alltaf hið æðsta form vináttu. Í seinni tíð kynnist maður frekar fólki sem líkist manni sjálfum, enda er það oftast í gegnum vinnu eða áhugamál og á ég fjölmargar vinkonur sem ég hef kynnst á fullorðinsárum. Meira að segja á ég einn mjög góðan strákavin en við reyndum upphaflega að vera kærustupar árið 2015,“ segir Bóel í léttum tón og bætir við að fljótt hafi komið í ljós að þau ættu að vera eitthvað allt annað en par.

Bóel ólst upp á Stöðvarfirði. Þar leið henni aldrei nægilega vel, nú hefur hún komið sér og syni sínum vel fyrir í snoturri íbúð í norðurbæ Hafnarfjarðar.

„Ég kem úr lítilli fjölskyldu í litlu þorpi en þráði alltaf stóra, ítalska fjölskyldu. Bræður mínir tveir eru töluvert eldri en ég svo ég elst upp sem nokkurs konar einkabarn. Þó þeir hafi alltaf passað upp á mig voru þeir tveir nánir og ég bara þetta litla skrípi sem þeir skildu ekki. Ég lít því á mína nánustu vini sem hluta af minni fjölskyldu og til að mynda er María vinkona skráð sem minn nánasti aðstandandi ef eitthvað kemur upp á,“ útskýrir Bóel, en alkóhólismi og ákveðið afskiptaleysi sem oft tengist honum, einkenndu æsku hennar og uppvöxt.

Beið eftir að komast burt

„Eftir að ég komst til vits og ára hefur mér oft liðið eins og ég hafi dottið niður í vitlaust hreiður. Eins og storkurinn hafi hreinlega misst mig niður á rangan stað. Það er svo oft sem ég hef ekki skilið þau og þau ekki mig, hugmyndir okkar og leiðir í lífinu hafa aldrei samræmst,“ segir Bóel um sína nánustu fjölskyldu. „Þau hafa öll búið fyrir austan alla tíð; bræður mínir eru trillusjómenn og mamma vann alltaf í verslun-inni. Þetta er auðvitað bara frábært og nægir þeim en ég gat aldrei beðið eftir að komast burt,“ segir hún og tekur fram að þannig sé hún þó ekki að hallmæla neinum enda þyki henni afar vænt um fjölskyldu sína.

Mistök að flytja aftur austur

Bóel var aðeins 19 ára gömul þegar hún flutti til Reykjavíkur með fyrrum sambýlismanni sínum sem hún á þrjú börn með, en alls á Bóel fjögur börn.

„Árið 2007 ákváðum við svo að gefa því séns að flytja aftur austur, þá til Reyðarfjarðar, þegar álverið opnaði og við fengum þar góð störf. Ég vissi að það var rangt fyrir mig að fara aftur austur en lét tilleiðast að prófa.“

Bóel segir sérlega minnisstætt þegar pökkunarfyrirtæki Alcoa kom að ganga frá flutningum. „Ég sat þarna og sá lífi mínu í Reykjavík vakúmpakkað og bara grét.“

Bóel bjó á Reyðarfirði í tíu ár og segist alltaf hafa liðið sem hún væri að koma heim þegar hún fór til Reykjavíkur. „Og aldrei langaði mig aftur austur. Þessi samfélagsgerð bara hentar mér ekki, en að sama skapi var mikið auðveldara að vera þar með þrjú börn á aldrinum eins árs til tólf ára. Hversdagurinn er mikið auðveldari og erindum dagsins er lokið mikið fyrr.“

Einhleypir óvelkomnir

Árið 2008 skildi Bóel við fyrri barnsföður sinn og stóð ein uppi með þrjú börn í samfélagi þar sem allir þekkja alla og segir það að mörgu leyti hafa verið erfiða upplifun.

Eftirminnilegt atvik kom upp þegar hún var í Þorrablótsnefnd á Reyðarfirði og skrifaði stöðuuppfærslu á Facebook þar sem hún gagnrýndi sveitunga sína á Fáskrúðsfirði. Gagnrýnin sneri að því að fráskildum væri enn eitt árið ekki hleypt á Hjónaball þeirra Fáskrúðsfirðinga, aðalskemmtun ársins í þorpinu.

„Á svona stað labbar maður ekki inn á skemmtistað eða kvikmyndahús svo fólk er duglegt að búa til sína eigin afþreyingu. Til að mynda er rík hefð fyrir matarklúbbum og svo eru það þorrablótin sem allir bíða eftir. Þetta eru stærstu viðburðirnir ár hvert, en á Fáskrúðsfirði er ekki haldið þorrablót og stærsta skemmtun þeirra yfir veturinn er hið fræga Hjónaball.

Sjálf ætlaði ég ekkert á ballið en þetta hafði verið mikið í umræðunni. Til að mynda er vinkona mín þaðan fráskilin og mátti ekki mæta, en hefði hún misst manninn sinn hefði hún verið velkomin. Árlega kemur það upp í umræðuna að þessu mætti breyta, þó svo ég skilji líka að sumir vilji halda í áratugalangar hefðir. En það er ósanngjarnt að þeir sem eru fráskildir eða einhleypir þurfi að sitja heima á stærsta kvöldi ársins og geta varla tekið þátt í samtölum á vinnustöðum bæjarins næstu tvær vikur. Ég benti á þetta og því var ekki tekið vel, ég held ég hafi verið opnunaratriði ballsins sem ég ekki mátti mæta á, þar sem mynd af mér var varpað upp á risaskjá,“ segir hún og hlær.

Of mikið að gera allt ein

Bóel bjó ein með eldri börnunum þremur í fjögur ár eftir skilnaðinn. „Í minningunni er ég einhvern veginn alltaf á sumardekkjum því ég hef ekki efni á vetrardekkjum, alltaf að bera Bónuspoka og það er alltaf grenjandi barn í aftursætinu,“ segir Bóel með glettnistón enda nógu langt um liðið.

„Ég hélt alltaf að ég hefði haldið andliti gagnvart börnunum en það er bara ógeðslega fokking erfitt að vera mamma, að sjá fyrir öllu, eiga að standa sig vel í vinnu, eiga líka að gera allt á heimilinu plús það sem maki hafði áður gert. Að þurfa að hringja og láta vita að spindilkúlurnar séu farnar í bílnum, fara með hann í smurningu en líka flétta hár og mæta á alla foreldrafundi. Þetta er bara of mikið. Að reka heimili á einum tekjum er illa gerlegt og afkomukvíðinn stöðugur.”

Á þessum tíma upplifði Bóel í fyrsta sinn alvarlegt kvíðakast og segir einu ástæðuna fyrir því að hún hafi ekki hringt í 112 og tilkynnt að hún væri að fá hjartaáfall vera þá að hún náði ekki í símann. „Þetta voru fyrstu merki um að ég væri ekki í góðum málum.“

Bóel hér ásamt börnunum fjórum á Reyðarfirði. Myndin er tekin árið 2019 á fermingardegi Þórs sem stendur fremst. Við hlið Bóelar er einkadóttirin Bríet og fyrir aftan stendur Almar Blær með Emil í fanginu. MYND/TARA TJÖRVA

> ÆSKUÁRIN MÓTA MANN, EN Á EINHVERJUM TÍMAPUNKTI GETUR MAÐUR EKKI LENGUR KENNT ÞEIM UM ALLT SEM MIÐUR FER.

Bóel kynntist svo seinni barnsföður sínum og voru þau í sambúð í þrjú ár og fjórða barnið bættist við. Þau skildu árið 2015 og segir Bóel þá reynslu hafa verið sér erfiðari, aðallega þar sem hún hafi borið miklar eldri byrðar, óuppgerðar. „Ég var hvorki búin að gera upp æsku mína né búin að fá ADHD greininguna sem breytti miklu fyrir mig síðasta sumar,“ segir Bóel, en árið 2018 kom út bók hennar 261 dagur sem fjallar einmitt um skilnaðinn og aðdraganda hans.

Vinnan var það auðveldasta

Það var árið 2017, þegar hún grét inni hjá unglækni á heilsugæslunni eins og allir sem hún þekkti hefðu farist á pramma eins og hún sjálf lýsir því, að hún var greind með kulnun og sagt að taka sér þriggja mánaða leyfi frá starfi.

„Það kom mér á óvart því í mínum huga var kulnun tengd starfi og vinnan var það auðveldasta í lífi mínu. Það var allt hitt, heildin, sem reyndist mér erfið. Ég hafði verið að keyra á varatanki í tvö ár en þarna var hann orðinn galtómur.“

Bóel hægði á í nokkra mánuði sem hún segir eftir á að hyggja ekki hafa verið nóg, en sjálfsvinnan var þó hafin.

Fyrir rúmu ári flutti hún til Reykjavíkur ásamt yngsta syninum. Sá elsti var þegar fluttur suður til að stunda háskólanám en miðjubörnin tvö eru enn fyrir austan hjá föður sínum og fjölskyldu að ljúka við grunn- og framhaldsskólanám.

„Það var virkilega erfitt að taka þessa ákvörðun en ég held að það geri mann að betri móður að standa með sjálfum sér. Þau eiga dásamlega að fyrir austan og þessi ákvörðun var tekin í góðu samráði allra. Vonandi koma þau svo fljótlega suður til náms.“

Bóel ritstýrði héraðsfréttum fyrir austan en sagði upp starfi sínu og hélt út í algjöra óvissu við flutningana. „Á einhvern ótrúlegan hátt tókst mér að kaupa mér pínulitla íbúð en annað var óljóst, sem hentar mér í raun ekkert voðalega vel enda ein um að greiða reikningana.“



Bóel hér ásamt Emil, sex ára sem er yngstur í fjögurra systkina hópi.

Aftur kippt úr leik

Bóel er menntaður grunnskólakennari og náms- og starfsráðgjafi en hafði aldrei kennt fyrr en hún sótti um auglýst starf í grunnskóla sonarins í Hafnarfirði. „Ég gat ekki annað gert enda varð ég að fara að vinna.“ Hún fann þó strax um haustið að starfið hentaði henni alls ekki og var hún farin að finna fyrir miklum vinnukvíða.

„Mér var svo aftur kippt úr leik í nóvember í fyrra þegar ég vaknaði dofin í andliti og hringdi í vinkonu mína haldandi að ég væri að fá heilablóðfall. Hún fór með mig á heilsugæsluna þar sem læknir lét mig gera alls konar próf og hvíslaði svo að mér að kíkja niður á geðdeild þar sem ég átti svo í framhaldi gott samtal við vaktlækni.“ Bóel hafði aftur keyrt sig út og á endanum fékk hún inni í endurhæfingu hjá VIRK þar sem hún hefur verið undanfarið ár og opnað augu sín fyrir því að hún hafi í raun aldrei unnið almennilega úr fyrsta þrotinu.

„Ég finn að ég er ekki búin að vinna nægilega í þessari streitu og eftir árið 2017 held ég að ég verði aldrei eins. Ég er heppin að hafa fengið aðstoð áður en verr fór, enda getur mikil og ómeðhöndluð streita verið dauðans alvara.“

Skildi líf sitt í fyrsta sinn

Bóel var eins og fyrr segir greind með ADHD í ágúst og segir það hreinlega hafa breytt lífi sínu. „Þá komst ég líka að því að það er mjög sammerkt hjá ADHD-fólki að vera með viðkvæmt taugakerfi. Þar tengi ég sterklega enda með eins konar utanáliggjandi taugakerfi.

Ég skildi því líf mitt fyrst síðasta haust – orðin 44 ára gömul!“ segir Bóel sigri hrósandi en bætir við að það hafi þó verið fyrir streituna sem ýkti allar tilfinningar að hún fór í greininguna og fékk lyf sem hjálpa henni að taka til í óreiðu hugans og bæta einbeitingu.

Undanfarin ár hafa farið í mikla sjálfsvinnu hjá Bóel sem hún hefur stundað með sálfræðingum, geðlæknum, hugleiðslu og fleiru. „Æskuárin móta mann, en á einhverjum tímapunkti getur maður ekki kennt þeim um allt sem miður fer hjá manni.“

Versnandi heimilisástand

Faðir Bóelar barðist lengi við áfengisfíkn og telur hún vandann hafa ágerst í kringum þann tíma sem hún fæddist.

„En það fer ekki allt til andskotans fyrr en ég er orðin tæplega fullorðin. Á mínum uppvaxtarárum varð ég aldrei vitni að átökum eða neinu ljótu, en ég ólst upp við mikla vanvirkni og var mikið ein að redda mér. Það voru allir að gera sitt besta en pabbi var þó ekki að sinna föðurhlutverkinu og mamma líklega að flýja sínar aðstæður með mikilli vinnu og lítilli samveru. Það sem skipti sköpum var að móðuramma mín bjó á Stöðvarfirði, hjá henni var mitt annað heimili og þar var ég séð, eins og við öll þráum.“

Bóel segir að síga hafi farið á ógæfuhliðina þegar hún var orðin unglingur og ein minning frá því hún kom heim í leyfi frá heimavistinni á Eiðum situr sérstaklega í henni.

„Við feðginin áttum það sameiginlegt að elska skötu svo ég plataði pabba oft til að elda hana fyrir mig. Ég hafði hringt heim og beðið um skötu í matinn þegar ég kæmi, sem hann samþykkti.

Þegar ég svo var komin heim tilkynnti hann mér að hann gæti ekki eldað, því hann treysti sér ekki til að setja skötuna í útvötnun. Verknaðurinn að fara í frystikistuna, taka upp skötubörð og setja í skúringafötu með köldu vatni var honum ofviða. Ég skildi þetta auðvitað ekki og þetta var fyrsta minning mín um að það væri virkilega eitthvað í ólagi. Og eftir þetta fór allt versnandi, hann drakk meira, datt oftar út, flosnaði upp úr vinnu og einangraði sig.

Hann fékk mikið af geðlyfjum og tók þau ofan í áfengið. Ég man eftir að hafa oft hugsað þegar síminn hringdi að nú væri þetta búið. Jafnvel læddist að mér sú hugsun að það yrði léttir fyrir alla. Svo líður manni hræðilega að hugsa svona, en það er staðreynd að þessi sjúkdómur heltekur fjölskyldur.“

Faðir Bóelar þurfti að leggjast inn á geðdeild í Reykjavík þar sem dóttir hans var eini nálægi aðstandandinn.

„Ég var þá ekki nema 19 ára en sinnti umönnunarhlutverki gagnvart manni sem vildi stundum ekki sjá mig, var stundum glaður, stundum grátandi og stundum mátti ég ekki yfirgefa hann.“

Kom að föður sínum eftir fall

Þegar elsti sonur Bóelar var tveggja ára gamall tilkynnti faðir hennar að hann ætlaði í áfengismeðferð og hafði hún undir eins litla trú á árangri í þeim efnum.

„En öllum að óvörum tók hann þetta föstum tökum og hætti að drekka. Þegar hann hafði verið edrú í tvö ár fór ég austur með Almar Blæ, son minn, fjögurra ára. Ég hafði aldrei séð pabba svona hressan, hann var aftur farinn að sinna áhugamálum sínum, kominn aftur í kórinn og hann sem var ótrúlegur handverksmaður var að útbúa skart úr hreindýrshornum sem hann seldi á handverksmörkuðum.“

Það var svo einn daginn að móðir Bóelar hafði farið út með son hennar og hún var ein heima í tveggja hæða húsi fjölskyldunnar, æskuheimili föður hennar.

„Ég var uppi að prjóna þegar ég heyri pabba koma og hann segist vera að sækja eitthvað. Í framhaldi heyri ég þann hæsta dynk sem ég hef nokkru sinni heyrt. Ég rýk fram og lít niður stigann þar sem ég sé pabba liggja hreyfingarlausan. Líklega hefur hann verið á leið upp og fengið aðsvif þó við vitum það ekki, og dottið úr tröppunum beint aftur fyrir sig og fallið á hnakkann á steingólfið fyrir neðan.

Þegar ég kom að honum lak blóð úr öllum vitum en í sömu andrá kom mamma inn með strákinn og ég öskra á hana að koma ekki niður.“

Þyrla sótti föður hennar og í framhaldi fékk fjölskyldan símtal um að vonin væri lítil enda hefði blætt mikið inn á heila.

„Við sátum yfir honum í þrjár vikur eða þar til hann lést, aðeins 61 árs.“ Bóel segir að þó það hafi verið sorglegt að faðir hennar hafi látist þegar hann var loks farinn að geta lifað lífinu, finnist henni mikið hafa verið unnið með því að hann hafi náð að vera edrú í góðan tíma áður en hann lést.

Tímann í kringum andlátið segir Bóel vera í mikilli móðu en aðkoman eftir fallið hafi lengi vel verið greipt í huga hennar og enn hugsi hún um hana þegar hún gangi stigann í húsinu þar sem móðir hennar býr enn, á Stöðvarfirði.

„Auðvitað myndi ég vilja hafa mömmu nær mér en það sem róar mig í dag er að hún á svo ofboðslega sterkt vinanet fyrir austan,“ segir Bóel og það er einkar viðeigandi að enda samtalið þar sem það byrjaði, á mikilvægi vináttunnar.

Byrjaði sem nördaskapur

Vefalfræðiritið Wikipedia fagnar 20 ára afmæli þann 15. janúar. Lektor í upplýsingatækni og sagnfræðingur lýsa samfylgd sinni með síðunni, kostum hennar og löstum.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is

Wikipedia, vefalfræðiorðabókin þekkta, fagnar tvítugsafmæli í næstu viku en henni var hleypt af stað þann 15. janúar árið 2001. Hún hefur haldið velli sem opið kerfi, án auglýsinga og án alvöru samkeppni, allar götur síðan og hvert tungumálið bæst við á fætur öðru. Síðan er í fimmta sæti yfir mest sóttu vefsíður heims, með hátt í fimm milljarða innlit á mánuði. Íslensk síða var stofnuð árið 2003 og Wikipedia félag árið 2014.

„Ég byrjaði að skrifa á Wikipedia til að sýna nemendum mínum að þetta tól sem hægt væri að nota, væri opið, hægt að tengja við og verkefnin myndu ekki hverfa á eftir," segir Salvör Gissurardóttir, lektor í upplýsingatækni við Háskóla Íslands. Hún er einn af virkustu Wikipediu-unnendum landsins. „Ég byrjaði á að skrifa um fiska og fékk svo mikinn áhuga á þessu."

Salvör segir að fréttamenn hafi verið þeir fyrstu til að átta sig á gildi síðunnar en háskólarnir hafi sýnt mótþróa. „Til að byrja með var hraunað yfir mann í háskólasamfélaginu fyrir að koma nálægt Wikipedia, þetta væri svo óábyggilegt og hver sem er gæti skrifað inn á síðuna. Wikipedia er vissulega ekki frumheimild en hún er eins og stoppistöð sem safnar saman þekkingu á alþýðlegu máli og vísar í heimildir," segir hún.

„Ég tilheyri þeirri stétt manna sem hafa þó nokkra atvinnu af því að semja spurningar. Ég klóra mér í kollinum yfir því hvernig þetta var gert fyrir tilkomu Wikipedia," segir Stefán Pálsson sagnfræðingur sem segist vera stórnotandi en ekki partur af Wikipedia-samfélaginu. „Þegar RÚV fór að sýna allar Gettu betur keppnirnar í beit sá ég hvernig spurningarnar breyttust eftir að Wikipedia varð til."

Að mati Stefáns geldur Wikipedia að sumu leyti fyrir að efnið er ekki í jafn miklu jafnvægi og í hefðbundnu alfræðiriti. Áhersla sé lögð á sjokkerandi, fyndna og skrýtna hluti. En á því sviði finnst honum Wikipedia einmitt best.

„Ef það er eitthvað sem kjarnar Wikipediu fyrir mér er það listi yfir fólk sem dáið hefur á klósettinu. Og þú veist að þú getur gengið að honum vísum," segir Stefán. Sá listi er einmitt til og á honum eru meðal annars Elvis Presley, Judy Garland og Katrín mikla.

Harðar deilur algengar

Stefán segir að vissulega sé mikið af beinlínis röngum upplýsingum á Wikipedia og maður verði að fara með gát. „Þú veist að í stórri grein á ensku síðunni um plánetuna Júpíter er ekki að fara að standa nein steypa, hún er of vel vöktuð. Annað gæti gilt í grein um norska höfuðsmenn á Íslandi sem fáir hafa vitneskju um eða áhuga á að leiðrétta," segir hann.

Salvör segir deilur algengar í Wikipedia-samfélaginu. Þær snúist oft um höfundarrétt en ekki síður um samfélagsleg þrætumál. „Það er erfitt fyrir fólk að byrja því það þarf að skrifa í aðgengilegum stíl. Þess vegna er greinum oft hent út og höfundurinn verður móðgaður," segir hún. „Stundum verður stríð um breytingar á milli fólks sem þekkist ekki neitt."



Salvör Gissurardóttir. lektor í upplýsingatækni.

Stefán Pálsson, sagnfræðingur og stórnotandi.

Fólk takist á með rökum og tilvísunum en stundum þurfi stjórnendur að skerast í leikinn. Annaðhvort með því að læsa greinum eða að merkja inn á þær að heimildir vanti eða umræðan sé lituð. Salvör segir Wikipedia almennt séð góða í að leysa málin og að traust hafi haldist á trúverðugleika greinanna á tímum þar sem traust á upplýsingum sé almennt þverrandi.

„Eitt sinn spurði samkennari minn mig um hversu áreiðanleg Wikipedia væri því nemendurnir væru að vísa í hana. Ég sendi henni verstu greinina sem ég vissi um, sem fjallaði um kynlífsánauð í Indlandi en hljómaði eins og auglýsing fyrir vændi," segir Salvör. „Ég fylgdist með hvernig greinin þróaðist og að lokum varð hún að mjög fínni fræðigrein."

> SUMIR SKRIFA AUGLJÓSLEGA GREINAR UM SJÁLFA SIG. TILTAKA ÞÁ OFT HLUTI AF FERLINUM OG FÉLAGSSTÖRFUM SEM VÆRI JAFNVEL VANDRÆÐALEGT AÐ SETJA Á ATVINNUUMSÓKN.
>
> Stefán Pálsson sagnfræðingur

Nokkrir næstum því tómir flokkar

- Bangladesskir bankar
- Kanadískir örverufræðingar
- Kúbverskir sleggjukastarar
- Bær í Malaví
- Stöðuvötn í Jórdaníu

Dauðafæri fyrir ferðaþjónustuna

Íslensku síðunni er að mestu haldið uppi af mjög litlum hópi notenda. Salvör reiknar með því að aðeins um 20 manns skrifi reglulega inn á hana. Síðan var ekki stofnuð til að viðhalda íslenskri tungu og menningu. Heldur af fólki með tölvukunnáttu sem deildi þeirri sýn að aðgengi að hlutlausum upplýsingum ætti að vera hindrunarlaust. „Þetta var fyrst og fremst nördaskapur. Þeim fannst kerfið sniðugt, opið og breytanlegt," segir hún.

Vegna smæðarinnar hafi hins vegar illa gengið að safna efni á síðuna. Sérstaklega nefnir hún ljósmyndir, sem þurfi að vera í opnum aðgangi. Í myndabanka Wikipedia séu ótal myndir af typpum en fáar af íslenskum menningarverðmætum. Hún segir skorta skilning hjá stofnunum landsins á að hafa efni aðgengilegt á opnum vettvangi eins og Wikipedia.

Stefán segir góðar Wikipediagreinar vera góða ókeypis kynningu og nefnir að ferðaþjónusta hafi aukist merkjanlega í þeim evrópsku smábæjum sem hafa gert andlitslyftingu á greininni sinni. Þetta sé dauðafæri fyrir ferðaþjónustuna hér líka.

„Hún á spretti en það er ekki hægt að treysta henni eins og nýju neti," segir hann aðspurður um íslensku síðuna. Það þurfi að læra á hana en hún geti verið gott tól því hún njóti þess að vera auðgúgglanleg. Hann fagnar því að nemendur í háskólum séu í auknum mæli látnir skrifa stutta texta á Wikipedia og finnst að það ætti að skikka BA-nemendur til að skrifa stubba um ritgerðirnar sínar. „Það er sem betur fer búið að berja þetta snobb úr mörgum háskólakennurum," segir hann um viðhorf háskólanna til síðunnar.

Skógar í Færeyjum

Stefán hefur haft efnisvalið á íslensku síðunni að skotspæni á undanförnum árum. „Það er tiltekið sport í íslenska Wikipediaheiminum að vera með ákveðinn fjölda undirsíðna og lon og don eru stofnaðar síður sem innihalda í raun engar upplýsingar. Til dæmis um hvert einasta hérað á Spáni og alla japanska fótboltamenn. Fyrir hvern er verið að skrifa þetta?" spyr hann.

Þá séu stofnaðir flokkar sem augljóslega eru ekki að fara að stækka mikið. Til dæmis íranskir eðlisfræðingar og skógar í Færeyjum. „Það er eitt rjóður fyrir utan Þórshöfn og flokkurinn stækkar ekki nema fleiri skógar verði ræktaðir í Færeyjum," segir hann.

Nefnir hann einnig að sumir reyni að nota Wikipedia sem hégómaverkefni fyrir sig persónulega, hljómsveitina sína eða eitthvað þvíumlíkt. „Sumir skrifa augljóslega greinar um sjálfa sig. Tiltaka þá oft hluti af ferlinum og félagsstörfum sem væri jafnvel vandræðalegt að setja á atvinnuumsókn. Svo eru sum bílskúrsbönd með nánast rauntímalýsingu á ferlinum. En þegar bent er á að þetta standist ekki alveg markverðugleikakröfuna reka menn upp ramakvein," segir Stefán.

Í samanburði við íslensku síðuna kemur sú færeyska nokkuð vel út að mati Stefáns. Færeyingar séu furðuseigir í að dekka sitt land og sína menningu. Eins og áður segir reyni Íslendingar hins vegar að dekka allan heiminn en fyrir vikið séu stór atriði í okkar eigin menningu sem sé ekki nógu vel sinnt. Og jafnvel betri á ensku síðunni. Nefnir hann sérstaklega íslensku knattspyrnumennina, sem eigi fantagóðar síður á ensku Wikipedia, líklega vegna þess að umboðsmennirnir átti sig á gildi þess.

RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

4xe

JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.499.000 KR.*

4xe

JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.999.000 KR.*

*Gildir meðan birgðir endast, hvítur Renegade, svartur Compass Limited.

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif. Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

Hægt er að panta reynsluakstur utan opnunartíma á reynsluakstur@isband.is

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

Í brúðkaupinu sem haldið var í Trékyllisvík á Ströndum. Að ofan má sjá hengið sem Guðný gerði sjálf fyrir brúðkaupið MYND/BRYNJAR SNÆR

Safnaði fyrir brúðkaupi

Guðný Jónsdóttir hefur undanfarin ár hnýtt macrame, eða hnýtilist og hnýtti meðal annars stór og lítil verk til að safna fyrir sveitabrúðkaupi sem hún og Símon, maðurinn hennar, héldu 2019 í Trékyllisvík á Ströndum. Guðný útskrifaðist um jólin en ætlar nú að einbeita sér að hnýtilistinni.

Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is

Ég fór að kaupa mér uppskriftir og læra að hnýta og svo lagði vinkona mín til eftir að hafa keypt af mér hengi að ég myndi byrja að selja verkin. Mér fannst þá tilvalið að safna fyrir brúðkaupinu mínu og það var alveg nóg að gera. Fólki fannst það einhvern veginn skemmtilegra að versla af mér af því að þau voru að kaupa til að styrkja „málefnið“ ef það má kalla það það,“ segir Guðný og hlær.

Guðný hafði þá ekki hnýtt macrame lengi. Aðeins í þrjá mánuði.

Hún segir að þannig hafi henni tekist að safna nógu af peningum og svo var brúðkaupið haldið í Trékyllisvík á Ströndum sumarið 2019.

Á þeim tíma þegar Guðný og Símon giftu sig var hún rekstrarstjóri Kaffibarsins og varði því miklum tíma í miðbænum. Maðurinn hennar, auk þess að vera sprúttsali hjá fyrirtækinu Mekka Wines and Spirits, er plötusnúður og stýrir meðal annars Funkþættinum sem er alla fimmtudaga á X-inu 97,7. Því segir Guðný það hafa verið þeirra meginmarkmið að komast eins langt frá miðbænum og hægt var til að gifta sig.

„Við vildum komast eins langt frá miðbænum og við gátum. Það var markmiðið. Við vorum búin að vera að leita í mörg ár að stað sem að kostaði ekki hönd og fót og þar sem við gætum verið með eigið áfengi,“ segir Guðný.

400 km akstur í brúðkaup

Hún segir að á endanum hafi þetta verið um 100 manna brúðkaup og margir gestanna hafi í fyrsta sinn verið að ferðast svona langt frá miðbænum.

„Þetta var þvílíkt partí og það var fullt af fólki úr miðbænum sem hafði aldrei komið út fyrir Reykjavík nema til útlanda, en keyrði yfir 400 kílómetra á Strandir í brúðkaup. Þetta er fólk sem er alltaf til í gott partí og það voru allir úti að dansa og geggjað gaman,“ segir Guðný.

> ÉG HEF FENGIÐ SÉRPANTANIR UPP Á STÓR VERK OG ÞAÐ ER ÞAÐ SKEMMTILEGASTA SEM ÉG GERI. ÞAÐ TEKUR OFT TÍMA AÐ GERA ÞAU, ENDA VERÐA ÞAU SVOLÍTIÐ DÝR.

Spurð hvernig þau hafi rambað á þessa staðsetningu segir Guðný að maðurinn hennar, Símon Guðmundsson, hafi verið á Ströndum í söluferð og hún með og þau töluðu við hótel Djúpavík en að þau hafi þetta ár, 2017, ekki tekið við brúðkaupum. Þau hafi svo talað við konur sem hafi séð um kaffihúsið á Norðurfirði og enduðu einhvern veginn svo í félagsheimilinu í fallegu Trékyllisvík.

Guðný hefur frá brúðkaupinu haldið áfram að hnýta macrame en segir þó að komið hafi smá pása.

„Það var mikið að gera í vinnunni og svo skráði ég mig í fjarnám með vinnu. En svo hætti ég að nenna að henda fólki út af Kaffibarnum og hætti alveg í vinnunni og hélt áfram í náminu,“ segir Guðný en um jólin útskrifaðist hún af viðskipta- og hagfræðibrú í Keili.

Gömul list sem gengur í hringi

Guðný hafði starfað á Kaffibarnum í um 11 ár og taldi því tímabært að hætta þar. Hún stefnir á áframhaldandi nám í viðskiptafræði en ætlar í millitíðinni að einbeita sér að hnýtunum. Hún segir að það hafi verið mikil fjölgun macrame-hnýtara í kórónaveirufaraldrinum

„Það eru allir að gera þetta núna. En það er alveg frábært. Það eru fleiri að flytja inn efni því það er ekki hægt að nota hvað sem er. Þetta er auðvitað ekkert nýtt. Þetta er gömul list og gengur í hringi,“ segir Guðný.

Hún segir að það sé gaman að finna eitthvað sem aðrir eru ekki að nota og að hún taki vel eftir því á Instagram að það sé mikil keppni meðal hnýtara um hver sé fyrstur með uppskriftirnar eða að nota þau efni sem eru til. Guðný segir að hún sjálf fylgi sjaldan uppskriftum heldur fái hún innblástur.

„Ég hef fengið sérpantanir upp á stór verk og það er það skemmtilegasta sem ég geri. Það tekur oft tíma að gera þau, enda verða þau svolítið dýr. En auðvitað eru litlu verkin dýrmæt og skemmtileg líka. Mér finnst skemmtilegast að fá að leika lausum hala. Ég nefni því verkin ekki neinu nafni heldur gef þeim númer,“ segir Guðný.

Flókin verk taka margar vikur

Á Instagram má sjá að verkin eru nærri 70 talsins en að sögn Guðnýjar eru þau í raun um 200 sem hún er búin að annað hvort selja eða gefa.

Hún segir að það fari eftir fjölda hnúta hversu lengi hún er með verkið en það taki allt frá þremur til fjórum klukkustundum upp í nokkra daga.

„Fyrir flóknari verk þarftu alveg tvær til þrjár vikur,“ segir Guðný. Hægt er að fylgja Guðnýju á Facebook og Instagram, undir nafninu Vogahnútar.

Guðný einbeitir sér að hnýtilistinni eftir að hún hætti að nenna að henda fólki út af Kaffibarnum FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hengið sem Guðný bjó til fyrir brúðkaupið. MYND/GUÐNÝ

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 9. JANÚAR 2021

Lilja Kjalarsdóttir, framkvæmdastjóri SagaNatura, segir að talið sé að tíu prósent af mannkyni þjáist af tíðum þvaglátum í einhverju formi, en SagaPro geti komið að miklu gagni við að slaka á vöðvum blöðrunnar svo fólk geti fækkað ferðum á salerni og þannig bætt svefn og lífsgæði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Aukin lífsgæði í áskrift

SagaPro slakar á vöðvum blöðrunnar og kemur að miklu gagni gegn ofvirkri blöðru. Nú er hægt að gerast áskrifandi að SagaPro og fá áfyllingu inn um lúguna í hverjum mánuði. Það er bæði ódýrara, vistvænna og þægilegra. →2

Markaðurinn er á frettabladid.is

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

SagaPro er stærsta varan í KeyNatura vörulínunni og fæst í öllum apótekum og mörgum matvælaverslunum, en á síðasta ári hefur einnig verið byggð upp öflug áskriftarleið. Nú geta viðskiptavinir fengið áfyllingar sendar inn um lúguna mánaðarlega með afslætti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI

Framhald af forsíðu

SagaPro er alíslensk og rótgróin vara, en hún var upprunalega þróuð í Háskóla Íslands af Sigmundi Guðbjarnarsyni, fyrrverandi rektor, og kom fyrst á markað árið 2005.

„Síðan þá hefur verið gerð ein klínísk rannsókn á SagaPro og þar kom í ljós að sá hópur innan rannsóknarinnar sem var með ofvirka blöðru hafði mikil not fyrir SagaPro og næturþvaglátum fækkaði," segir Lilja Kjalarsdóttir, framkvæmdastjóri SagaNatura, framleiðanda SagaPro, en hún er með doktorsgráðu í líflæknisfræði (e. biomedicine). „Áður var talið að varan virkaði aðallega fyrir karla og blöðruhálskirtil, en þessar niðurstöður kollvörpuðu hugmyndum okkar.

Þar sem við töldum vöruna bara virka fyrir karla voru allir þátttakendur í rannsókninni karlmenn en það hefur komið í ljós að þetta hefur sömu áhrif á ofvirka blöðru hjá konum og í dag eru 50% notenda konur," segir Lilja. „Það er frábært að geta boðið upp á þessa vöru því það er svo margt fólk sem glímir við það vandamál að þurfa að vakna oft á nóttunni til að pissa. Það er ekki mikið rætt um þetta vandamál, en talið er að tíu prósent af mannkyni þjáist af tíðum þvaglátum í einhverju formi og þetta hefur áhrif á alla aldurshópa, þó að tíðnin aukist með aldrinum. Þetta getur haft mikil áhrif á svefn og lífsgæði og til dæmis hindrað fólk í útivist og öðru, þar sem er ekki greiður aðgangur að klósetti.

Um þessar mundir erum við að gera aðra klíníska rannsókn í Madríd, þar sem við einblínum á ofvirka blöðru hjá körlum og konum, alls 200 manns," segir Lilja. „Því miður hefur rannsóknin tafist vegna COVID-19 en við vonumst eftir niðurstöðu í vor og það verður rosalega spennandi að upplýsa um lokaniðurstöðurnar þegar þar að kemur."

Svona gengur áskriftarkerfið fyrir sig. Í fyrstu sendingu fá viðskiptavinir dós með 60 töflum og í framhaldi af því koma áfyllingar. MYND/AÐSEND

Vistvæn og þægileg áskrift

„SagaPro er er stærsta varan í KeyNatura-vörulínunni og fæst í öllum apótekum og mörgum matvælaverslunum, en á síðasta ári höfum við einnig byggt upp öfluga áskriftarleið," segir Lilja. „Fólk getur einfaldlega fengið áfyllingarpoka inn um lúguna sína til að fylla á dósirnar sínar. Þá þarf fólk ekki að hugsa um þetta eða muna eftir þessu og þetta er vistvænna en að kaupa alltaf nýjar dósir.

Þetta hefur gengið gífurlega vel og viðskiptavinir eru allir mjög ánægðir með þessa þjónustu. Áskriftin er í boði fyrir alla sem eru með kreditkort og áskrifendur fá ekki bara fría heimsendingu inn um lúguna, heldur líka 15% afslátt," segir Lilja. „SagaPro er undir KeyNatura vörumerkinu en var áður undir SagaMedica vörumerkinu. SagaPro hefur sérstætt útlit, en það er í áldósum. Við höfum lagt mikið upp úr fallegri hönnun á dósunum okkar, svo að fólk sé ekki að fela þær inni í fæðubótarefnaskápnum með hinum plastdósunum, því þá gleymist þetta. Ég er með mínar dósir við kaffivélina og tek þetta alltaf á morgnana og með því að fá þetta sent heim er hægt að vera vistvænni og það verður auðveldara að muna að taka alltaf skammtinn sinn."

SagaPro er alíslensk vara og búin til úr íslenskri ætihvönn sem er handtínd úti í Hrísey. MYND/AÐSEND

> **Talið er að tíu prósent af mannkyni þjáist af tíðum þvaglátum í einhverju formi.**
>
> **Lilja Kjalarsdóttir**

Slakar á blöðruvöðvunum

„SagaPro er búið til úr íslenskri ætihvönn sem er handtínd úti í Hrísey og við fáum svo þurrkuðu blöðin send til okkar hingað í Hafnarfjörð þar sem við búum til extrakt sem er svo þurrkað og úr verður SagaPro innihaldsefnið," segir Lilja. „Í aðdraganda nýju, klínísku rannsóknarinnar höfum við gert rannsóknir á extraktinu og greint öll lífvirku efnin og prófað þau á þvagblöðrumódeli.

Þannig höfum við fundið nokkur efni sem sýna áhrif á að slaka á blöðruvöðvunum, en við það verður meira rúm fyrir þvag í blöðrunni. Fólk sem er með ofvirka blöðru er ekki með neitt minni blöðru en aðrir, hún er bara viðkvæmari og fólki líður eins og því sé mál þó að blaðran sé ekki full. Þannig að SagaPro minnkar ekki magnið sem fólk pissar, heldur geta þau gert það sjaldnar og þá meira í einu. Fólk spyr okkur oft „hvert fer pissið eiginlega?"," segir Lilja kímin.

„Eitt af þeim efnum sem við fundum er mjög óalgengt og bara í fáeinum plöntum og því hafði okkur yfirsést það í mörg ár," útskýrir Lilja. „En það hefur slakandi áhrif á blöðruvöðvana og nú erum við búin að sækja um einkaleyfi á að nota það fyrir ofvirka blöðru. Það styrkir okkar stöðu og sérstöðu fyrir útrás á SagaPro, en við stefnum á stórfelldan útflutning á ætihvönn í formi fæðubótarefnis fyrir ofvirka blöðru."

Auðvelt er að skrá sig í SagaPro áskrift á https://www.keynatura.com/askrift-2/ eða með því að hringja í síma 562 8872.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Byltingarkennd vítamín sem sniðganga meltingarveginn

Fyrir þá sem eiga erfitt með að nýta næringarefni úr fæðunni vegna undirliggjandi meltingarvandamála eða eiga erfitt með að kyngja töflum koma munnúðarnir frá Better You sér sérlega vel.

„Ég er einstaklega hrifin af Better You vörulínunni en fyrirtækið leggur mikið upp úr gæðum. Better You línan bíður upp á fjölbreytt úrval af vítamínum og steinefnum og öll eru þau í munnúðaformi sem er afar þægileg og einföld leið til að taka inn bætiefni. Ekki skemmir það fyrir að munnúðarnir eru sérlega bragðgóðir og hentugir í notkun, en með því að úða þeim út í kinn eða undir tungu frásogast bætiefnin í gegnum slímhúð í munni," segir Kristín Steindórsdóttir, næringarþerapisti.

C-vítamín er mikilvægt fyrir ónæmiskerfið og er undirstöðuefni fyrir myndun kollagens, sem er eitt af byggingarefnum beina og húðar.

Kristín Steindórsdóttir næringarþerapisti er einstaklega hrifin af Better You vörulínunni. MYND/AÐSEND

D LUX 4000 er nýjung frá Better You

Það hefur orðið mikil vitundarvakning um mikilvægi D-vítamíns. Framan af var talið að eina hlutverk D-vítamíns væri fyrir beinheilsu og til að koma í veg fyrir beinkröm hjá börnum og beinþynningu hjá fullorðnum. Rannsóknir gefa til kynna að D-vítamín gegni mun víðtækara hlutverki en áður var talið og það sé í raun grundvallarefni fyrir mannslíkamann til að viðhalda heilsu og lífsþrótti.

D-vítamín er ekki eins og önnur vítamín því við getum framleitt okkar eigið D-vítamín þegar UVB geislar sólarinnar fá að skína á húðina. Þrátt fyrir það hefur komið í ljós að allt of margir eru í skorti eða við skortsmörk. Ástæðan er sú að við verjum sífellt meiri tíma innandyra og þegar við erum úti klæðumst við gjarnan fatnaði eða berum á okkur sólarvörn til að verja okkur gegn skaðlegum geislum sólarinnar og útilokum um leið D-vítamín framleiðsluna í húðinni. Á Íslandi er staðreyndin sú að við fáum yfirhöfuð of litla sól yfir vetrarmánuðina og þar sem það er einnig erfitt að fá nóg af D-vítamíni úr fæðunni hefur Embætti landlæknis ráðlagt fólki að taka inn D-vítamín í formi bætiefna daglega.

Það er aldrei of seint að spyrna fótum við D-vítamínskorti og besta leiðin til þess er að taka það inn í bætiefnaformi alla ævi. DLUX 4000 er nýjasta og sterkasta D-vítamínið í Better You línunni og eru 4000 AE í hverjum úða.

Better You C- vítamín fyrir öflugt ónæmiskerfi

Flestir þekkja hlutverk C-vítamíns fyrir ónæmiskerfið og taka það inn sem bætiefni til að efla viðnám líkamans gegn flensum og sýkingum, en C-vítamín er einnig mikilvægt fyrir meðal annars myndun kollagens, sem er eitt af byggingarefnum líkamans, fyrir betri upptöku og nýtingu á járni úr fæðunni og spilar stórt hlutverk sem verndandi andoxunarefni. C-vítamín munnúðinn frá Better You inniheldur einnig grænt te, B2 sem er gríðarlega mikilvægt vítamín fyrir orkubúskap frumna og selen, sem er eitt hinna svokölluðu andoxunarnæringarefna líkamans. C-vítamín blandan frá Better You er frábrugðin flestum C-vítamínum á markaðnum þar sem það er í munnúðaformi sem gerir það afar hentugt í notkun.

Better You járn munnúði

Better You býður upp á járn munnúða í tveimur styrkleikum, 5 mg og 10 mg, sem valda ekki meltingarvandamálum.

Járn er mikilvægt snefilefni sem gegnir mörgum mikilvægum hlutverkum í líkamanum, en eitt af lykilhlutverkum þess er að flytja súrefni til vefja líkamans. Járn er einnig mikilvægt fyrir meðal annars ónæmiskerfið og fyrir vöxt og þroska barna og unglinga. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnun er járnskortur algengasti næringarefnaskortur í heiminum.

Ástæða járnskorts er oftast ónógt járn í fæðunni, blóðmissir, aukin járnþörf, sjúkdómar, meltingarvandamál eða vegna lélegs frásogs. Konur á barneignaraldri, einkum konur sem fá miklar tíðablæðingar, þurfa í sumum tilfellum viðbótarjárn til að komast hjá járnskorti. Einnig er börnum og unglingum sérstaklega hætt við járnskorti, þar sem þau þurfa hlutfallslega meira járn en fullorðnir til að styðja við vöxt og þroska. Einkenni járnskorts geta verið veikt ónæmiskerfi, þrekleysi, skert úthald, föl húð, svimi, mæði, óeðlilegur hjartsláttur og jafnvel hárlos.

Járn er að finna í ýmsum matvælum en líkaminn nýtir sér það misvel. Nýtingu járns er hægt að auka með því að neyta C-vítamínríkrar fæðu eins og ávaxta og grænmetis, eða að taka inn C-vítamín samhliða járnríku fæði. Meltingarvandamál og hægðatregða er vel þekktur fylgikvilli þess að taka inn járn í bætiefnaformi. Járnið frá Better You frásogast gegnum slímhúð í munni. Þannig er alfarið sneitt fram hjá meltingarfærunum, upptakan er tryggð og magavandræði úr sögunni.

Margir lenda í vandræðum með meltinguna við inntöku á járni, en þar sem járnblöndurnar frá Better You eru í munnúðaformi sem frásogast beint frá slímhúð í munni og út í blóðrásina, eru magavandamál tengd járninntöku því úr sögunni.

Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star, en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum. Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim, en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.

Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu.

Magnús Friðbergsson hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér, ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun.
Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann. Magnús, sem er 71 árs, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“

Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin. Hylkin eru nú komin í nýjar umbúðir eins og sjá má á myndinni.

Íslensk framleiðsla



Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is.
Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum, heilsubúðum, í Hagkaupum og í Fjarðarkaup.

Sangría, lamadýr og hugleiðsla

Fjölbreytt afþreying er í boði á netinu þessa dagana og um að gera að nýta hana í skammdeginu. Um helgina má til dæmis hugleiða, ferðast til Edinborgar og hitta lamadýr heima í stofu.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Núna á tímum samkomutakmarkana sem staðið hafa yfir ansi lengi, er fólk orðið uppiskroppa með hugmyndir að afþreyingu. Fyrir jól var mikið úrval af alls kyns streymistónleikum sem oft voru vel sóttir. Sumir vinnustaðir voru líka með streymisviðburði af ýmsu tagi til að létta starfsfólki sínu lundina. En núna er komið nýtt ár og enn þá býr fólk við samkomutakmarkanir og skammdegið er ekkert að fara alveg strax. Þá getur verið gaman að finna sér eitthvað nýtt og spennandi að gera til að stytta sér stundirnar.

Það vita eflaust ekki allir af því að Airbnb býður ekki bara upp á gistingu heldur líka afþreyingu. Fólk sem hefur misst tekjur vegna fækkunar ferðafólks á árinu sem var að líða hefur þurft að hugsa út fyrir boxið og finna nýjar leiðir til að kynna menningu sína fyrir fólki um allan heim. Það eru fjölmargir afþreyingarmöguleikar í boði núna sem hægt er að kaupa aðgang að á Airbnb-vefnum og njóta í gegnum streymi. Sem dæmi má nefna að í kvöld fer fram kennsla í að teikna lamadýr í gegnum Zoom-forritið, sem flestum ætti að vera orðið kunnugt. Kennarinn býr í Sidney í Ástralíu og mun hún bjóða þátttakendum að hitta lamadýrið Cadbury og fylgjast með því í smástund áður en teiknikennslan hefst.

Í hádeginu í dag er í boði Harry Potter-ferð um Edinborg með leiðsögn reynds leiðsögumanns og að sjálfsögðu verður hún í boði í gegnum netið. Því er hægt, ef ferðin verður ekki uppseld þegar þetta kemur út, að upplifa töfra borgarinnar úr sófanum heima.

Í dag og á morgun er svo hægt að fara á 90 mínútna langa drag-sýningu í Portúgal í gegnum Zoom. Sú sýning hefur samkvæmt lýsingu slegið í gegn og hafa fyrirtæki eins og Nike, Facebook, Walmart, YouTube og Calvin Klein boðið starfsfólki sínu á hana. Á sýningunni um helgina munu dragdrottningar kenna þátttakendum að búa til sangríu frá grunni og fræða þá um portúgalska menningu. Inn á milli fara drottningarnar upp á svið og skemmta áhorfendum með skemmtiatriðum í kabarettstíl.

Ef fólk hefur áhuga á rólegri afþreyingu þá er líka í boði að læra hugleiðslu hjá japönskum búddamunki nú um helgina, að sjálfsögðu í gegnum Zoom. Fyrst segir munkurinn þátttakendum frá þeim aðferðum sem hann notar við hugleiðslu og í framhaldi af því leiðir hann tvenns konar hugleiðslu, fyrst er ákveðin mantra kyrjuð í 20 mínútur og að því loknu eru gerðar öndunaræfingar í 10 mínútur.

Þetta er aðeins brot af þeirri fjölbreyttu afþreyingu sem er í boði í gegnum Airbnb og það eina sem þarf til að njóta hennar er nettenging, og auðvitað að borga uppsett verð. Það er því um að gera að nota helgina og skoða það sem er í boði og ferðast til ólíkra staða og læra eitthvað nýtt og spennandi án þess að fara neitt.

Dragdrottningar kenna að búa til sangríu.

Í kvöld fer fram kennsla í að teikna lamadýr í gegnum Zoom-forritið sem flestum ætti að vera orðið kunnugt. Kennarinn býr í Sidney í Ástralíu og mun hún bjóða þátttakendum að hitta lamadýrið Cadbury.

Í dag er hægt að fara á Zoom fund með lamadýri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Qair

VERKEFNASTJÓRI Í VINDORKU

Qair Iceland ehf er hluti af Qair Group sem er alþjóðlegt orkufyrirtæki sérhæft í endurnýjanlegri orkuframleiðslu. Qair starfar í 12 löndum m.a. í Evrópu, Suður Ameríku, Asíu og Afríku. Qair Iceland er með 800 MW í þróun á vindorku á Íslandi. Félagið er stærsti hluthafi Arctic Hydro ehf, sem þróar og rekur íslenskar vatnsaflsvirkjanir. Qair Iceland er einnig eigandi raforkusölufyrirtækisins Vistafl ehf.

Umsóknarfrestur er til og með **19. janúar 2021**. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**. Umsóknir skilist inn á ensku. Nánari upplýsingar veita Hlynur Atli Magnússon, **hlynur@hagvangur.is** og Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**

Við leitum að öflugum og hæfileikaríkum verkefnastjóra til að aðstoða við þróun verkefna á sviði vindorku frá hugmynd til gangsetningar virkjunar. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík. Starfið krefst ferðalaga.

Helstu verkefni:

- Undirbúa og samræma verkefni með hagsmunaaðilum
- Arðsemismat í samstarfi við sérfræðinga
- Samskipti við ráðgjafa og ráðgjafafyrirtæki
- Umsjón með verkefnum og starfsáætlunum
- Greiningar og skýrslugerð
- Vinna að öflun leyfa og umhverfismats
- Þróa og viðhalda tengslum við hagsmunaaðila og stofnanir
- Upplýsingagjöf til stjórnenda

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistaragráða í rafmagns-, byggingar-, iðnaðar- eða vélaverkfræði
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Þekking á UT, GIS og AutoCAD æskileg
- Góð samskipta- og ritfærni
- Enskukunnátta skilyrði, frönskukunnátta kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Skipuleg vinnubrögð og hæfni til að vinna í teymi

HAGVANGUR

Spennandi sumarstörf

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira. Störfin henta öllum kynjum. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- 18 ára lágmarksaldur
- Góð samskiptahæfni
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Heiðarleiki og stundvísi
- Bílpróf er skilyrði

Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu.

Sumarstarfsfólk í framleiðslu fer á námskeið vegna vinnuvélaréttinda. Umsóknir og upplýsingar eru á **www.nordural.is** og í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Við framleiðum ár hvert um 320.000 tonn af hreinu áli og álblöndum sem fara á erlenda markaði. Íslenski áliðnaðurinn er ein helsta útflutningsgrein landsins.

asi CERTIFIED PERFORMANCE

bsi. ISO 9001 Quality Management · ISO 14001 Environmental Management · ISO 45001 Occupational Health and Safety Management · ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi

Jafnlaunaúttekt PwC 2019

NA NORÐURÁL

Sérfræðingur í alþjóða- og nýsköpunarteymi

Rannís óskar eftir sérfræðingi í fullt starf. Starfið felur í sér aðstoð og ráðgjöf við íslensk fyrirtæki og stofnanir sem nýta sér þjónustu Enterprise Europe Network eða sækja um í Tækniþróunarsjóð og Skattfrádrátt rannsókna- og þróunarverkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking á íslensku rannsókna- og nýsköpunarumhverfi nauðsynleg. Reynsla af nýsköpun er kostur
- Þekking á hugverkarétti og hagnýtingu rannsókna er æskileg
- Mjög góð hæfni í greiningu og lausn vandamála
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku bæði tal- og ritmáli
- Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur
- Mjög góð færni í töflureikni er skilyrði ásamt færni í helstu Office forritum eða sambærilegu
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni áskilin
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ágúst Hjörtur Ingþórsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs, í síma 515 5830 eða netfanginu agust.h.ingthorsson@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til kl. 12:00, miðvikudaginn 20. janúar 2021.

Sækja skal um á vefsíðu Rannís á **www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/**.
Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um starfið.

Rannís er líflegur vinnustaður með rúmlega 50 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

HNOTSKÖGUR grafísk hönnun

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Seltjarnarnesbær
Laus störf

Frístundaheimilið Skjólið

- **Uppeldismenntaður starfsmaður** óskast í 70-100% starf.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

Umsóknarfrestur er til 21. janúar 2021.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**

STEYPUSTÖÐIN

Framkvæmdastjóri - Steypustöðin í Borgarnesi

Steypustöðin hóf starfsemi árið 1947 og var frumkvöðull í Evrópu í því að framleiða steypu úr steypubifreiðum og varðaði þannig brautina í mannvirkjagerð á Íslandi. Í dag starfa tæplega 300 manns hjá félaginu, þar af 130 í Borgarnesi. Þjónustugeta félagsins spannar yfir stórt landssvæði og félagið getur þjónað stórum hluta landsmanna í steypu, hellum, múrvörum, einingum og öllu sem viðkemur burðarvirkjum í mannvirkjagerð. Verksmiðjan í Borgarnesi er í rúmlega 12.000 fermetrum og er öflugasta einingaverksmiðja landsins í forsteyptum einingum og rörum.

Fyrirtækið er byggt á sterkum fjárhagslegum grunni og leggur mikla áherslu á nýsköpun. Stöðugt er unnið að vöruþróun og innleiðingu nýjunga í framleiðslu.

Steypustöðin auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra einingaverksmiðju Steypustöðvarinnar í Borgarnesi. Starfið heyrir beint undir forstjóra fyrirtækisins og er viðkomandi hluti af framkvæmdastjórateymi Steypustöðvarinnar.

Leitað er að framsæknum stjórnanda með reynslu af rekstri og stjórnun. Lögð er áhersla á að viðkomandi búi yfir umbótahugsun og hafi skilning á mikilvægi bestunar á framleiðsluferli og hámarksnýtingu þeirra tækifæra sem eru framundan í rekstri.

Ábyrgðarsvið

- Daglegur rekstur og stjórnun starfsstöðvar.
- Mannauðsstjórnun.
- Bestun framleiðsluferla.
- Samskipti við viðskiptavini.
- Tryggja að ferli frá pöntun til afhendingar sé skilvirkt.
- Innleiðing breytinga og nýrra tæknilausna.
- Greiningar og eftirfylgni lykilmælikvarða.
- Ábyrgð og eftirfylgni á umhverfis-, gæða- og öryggismálum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Farsæl og árangursrík reynsla af stjórnun og rekstri.
- Leiðtogahæfni og geta til að byggja upp sterka liðsheild.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af verkefnastýringu og ferlavinnu.
- Þekking og reynsla úr byggingariðnaði og skilningur á þróun tæknilausna er kostur.
- Góð greiningarhæfni.
- Framsýni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum áhugasama einstaklinga af báðum kynjum til að sækja um.

Umsjón með starfinu hafa Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Chief Financial Officer

Crowberry Capital invests at seed and early stage in outstanding teams building global businesses around true technology advantages. We work with our teams to build fast paced, international companies from the Nordics.

The founding partners behind Crowberry Capital have managed over 60 tehnology start-ups, negotiated over 15 exits and made over 30 seed investment.

Crowberry's current portfolio of companies consists of healthtech, gaming, fintech and enterprise software companies.

www.crowberrycapital.com

Crowberry Capital is a Nordic venture capital fund investing in seed and early stage tech companies. We are growing and expanding and looking for an experienced CFO who will have the opportunity to shape the role and be a key team member.

Responsibilities

- This is an operational finance role, responsible for the daily finances and all back-office activities
- Financial planning, preparation of operating plans and supervision
- Review of all current financial and commercial reporting and design and integration of improved reporting and analysis where appropriate
- Oversight of all contracts and agreements
- Responsible for the production and presentation of monthly management reports and quarterly shareholder reports
- Reporting and preparation of annual meetings
- Diverse projects related to investments and the start-up environment

Qualifications

- University degree in finance, law, or engineering, and ideally a master's degree
- A keen interest in technology and innovation
- Excellent excel and modelling skills
- Interest in startup legal environment
- Outstanding analytical skills, attention to detail, proactive and self-motivated
- Great initiative and an ability to work independently
- Strong written and verbal communication skills in English and Icelandic
- International experience is a bonus

The application must be in English, accompanied by a curriculum vitae and a detailed cover letter stating the reason for the application and the reasons for the person's ability to perform in the job.

The application deadline is January 20th.

Apply for the job at **www.vinnvinn.is**.

Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) and Jensína Kristín Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) at Vinnvinn, oversee the recruitment process.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Framkvæmdastjóri

Hlutverk Starfsþróunarsetursins er að efla mannauð í samvinnu við stofnanir og félagsmenn aðildarfélaga BHM. Starfsþróunarsetrinu er ætlað að hvetja stofnanir til að styðja starfsmenn til að auka og nýta þekkingu sína í starfi, og veita þeim tækifæri til að þróa faglega hæfni sína.

Starfsþróunarsetur háskólamanna (STH) leitar að öflugum framkvæmdastjóra sem hefur áhuga, getu og drifkraft til að leiða faglegt starf setursins í takt við breytingar sem framundan eru á vinnumarkaði.

Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í lifandi umhverfi þar sem reynir á frumkvæði, lausnamiðað viðhorf og ríka samskiptahæfni.

Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn STH og starfar náið með henni til að ná markmiðum starfsþróunarsetursins.

Helstu verkefni

- Efla starfsþróun háskólamanna.
- Innleiða og fylgja eftir stefnu stjórnar.
- Yfirumsjón með kynningarstarfi og upplýsingagjöf setursins.
- Daglegur rekstur skrifstofu.
- Undirbúningur funda og gagnaöflun.
- Ýmis tilfallandi verkefni og samskipti.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfni og lipurð í samskiptum.
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrift.
- Reynsla og þekking af verkefnastjórnun.
- Innsýn í opinberan vinnumarkað og breytingar sem eru framundan á þeim vettvangi.
- Reynsla af framsetningu og miðlun upplýsinga.
- Reynsla af skipulagningu og uppbyggingu námskeiða er mikill kostur.
- Reynsla af vinnu með fjárhagsupplýsingar æskileg.
- Gott vald á íslensku og ensku.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarlegt kynningarbréf og starfsferilsskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Við hvetjum hæfileikaríkt fólk af öllum kynjum til að sækja um.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

VERKEFNASTJÓRAR – LEIÐTOGAR Í SKÓLASTARFI

við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Menntavísindasvið auglýsir eftir leiðtogum af vettvangi til að starfa í Háskóla Íslands. Laus eru til umsóknar allt að fjögur störf verkefnisstjóra á sviði kennaramenntunar til tveggja ára. Starfshlutfall er 25%. Starfið hentar starfandi kennurum og/eða skólastjórnendum með viðamikla reynslu af vettvangi og skólaþróun.

Helstu verkefni og ábyrgð

Í starfinu felst fyrst og fremst kennsla í námskeiðum, en einnig samskipti við starfsvettvang, þátttaka í þróun kennaramenntunar og önnur verkefni sem viðkomandi eru falin af deildarforseta ásamt því að taka þátt í að byggja upp samstarf milli háskólakennara og fagfólks á vettvangi um fagþróun og nýsköpun í skólastarfi.

Hæfnikröfur

- Meistarapróf á sviði kennslu- og menntunarfræði eða jafngild menntun, ásamt að hafa leyfisbréf kennara.
- Starfsreynsla úr leik-, grunn- eða framhaldsskóla.
- Góð færni í kennslu.
- Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum. Horft verður til þess að umsækjendur falli sem best að aðstæðum og þörfum sviðsins í heild.

Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar 2021

Nánari upplýsingar veitir Lára Rún Sigurvinsdóttir – lararun@hi.is – 525 5905

Sjá nánar um starfið á vefsíðu Háskóla Íslands undir laus störf og starfatorg.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR
hagvangur.is

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐS

Sveitarfélagið Vogar er næst landstærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum með um 1.330 íbúa.
Sveitarfélagið Vogar er mjög vel staðsett í nágrenni við þjónustu og vinnumarkað höfuðborgarsvæðisins, en býður upp á rólegt og vinalegt umhverfi þar sem stutt er í náttúruna. Framundan er mikil uppbygging, svo sem í tengslum við framkvæmdir við nýtt hverfi sem fullbyggt mun að minnsta kosti tvöfalda íbúafjölda sveitarfélagsins.

Umsóknarfrestur er til og með **25. janúar 2021**. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**. Nánari upplýsingar um störfin veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**.

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir að ráða sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs. Sviðsstjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi málaflokksins og gegnir jafnframt leiðandi hlutverki við stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og byggingarmálum í samráði við viðeigandi nefndir. Sviðsstjóri sinnir jafnframt hlutverki byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á stjórnun og starfsmannamálum sviðsins auk rekstri stofnana sviðsins
- Skipulagsgerð og önnur verkefni er lúta að skipulagsmálum, lóðum og lendum
- Fjárhagsáætlunargerð og gerð framkvæmdaáætlana
- Ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja í eigu bæjarins og verklegum framkvæmdum þeim tengdum
- Umsjón með umhverfismálum, náttúruvernd, fegrun bæjarins og umhirðu, opnum svæðum, sorphirðu og sorpeyðingu, fráveitu og vatnsveitu og starfsemi þjónustumiðstöðvar
- Yfirumsjón með umferðar- og samgöngumálum og ábyrgð á viðhaldi gatna og stíga, lýsingum, snjómokstri, hálkueyðingu og samskiptum við Vegagerðina
- Skráning fasteigna og eftirlit með byggingaframkvæmdum
- Undirbúningur funda sem tilheyra málaflokknum og ábyrgð á eftirfylgni mála
- Stefnumótun, samhæfing og samþætting ásamt mati á verkefnum og þjónustu

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðkomandi þarf að uppfylla menntunar- og hæfnikröfur samkvæmt 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.
- Viðkomandi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Þekking og reynsla af stefnumótun í málaflokknum er kostur
- Reynsla af stjórnun starfsmanna og verkefnastjórnun er æskileg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, samviskusemi og skipulagshæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta, ásamt kunnáttu í teikniforritum

HAGVANGUR



Blámi

Blámi er nýtt samstarfsverkefni á Vestfjörðum sem snýr að nýsköpun og þróun tækifæra í vetni, orkuskiptum og grænni verðmætasköpun tengdri starfsemi á svæðinu. Að verkefninu standa Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Vestfjarðastofa.

Markmið samstarfsins:

- Styðja við orkuskipti á svæðinu með áherslu á orkuskipti skipa og báta, í flutningum á landi og sjó
- Skapa vettvang fyrir alþjóðleg tilrauna- og þróunarverkefni á sviði orkuskipta
- Starfa með fyrirtækjum og frumkvöðlum á svæðinu að grænni verðmætasköpun og nýsköpun í iðnaði, samgöngum, flutningi og ferðaþjónustu
- Stuðla að grænni þróun Vestfjarða með því að kortleggja og markaðssetja orkuauðlindir með áherslu á fjölþætta nýtingu og stuðla að bættri nýtingu svæðisbundinna auðlinda
- Stuðla að bættum innviðum sem styðja við orkutengda nýsköpun
- Stuðla að auknum rannsóknum á sviði orkuskipta með öflugu samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og atvinnulíf
- Vinna að möguleikum Íslands á að verða leiðandi þegar kemur að samspili orku, umhverfis og samfélags

Landsvirkjun

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Vestfjarðastofa

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Leitað er að drífandi og jákvæðum leiðtoga til að leiða samstarfsverkefnið Bláma næstu árin. Leitað er að framúrskarandi einstaklingi með brennandi áhuga á sjálfbærnimiðaðri verðmætasköpun og tækifærum í orkuskiptum til að þróa og fylgja eftir markmiðum Bláma. Starfsstöð framkvæmdastjóra er á Vestfjörðum.

Helstu verkefni:

- Umsjón með daglegum rekstri Bláma
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Koma fram fyrir hönd Bláma og kynna starfsemi verkefnisins
- Samskipti og tengsl við hagaðila
- Halda utan um verkefni innan Bláma
- Leita tækifæra til að efla verkefnið

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólanám sem nýtist í starfi. Meistaranám æskilegt
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Leiðtogahæfni og drifkraftur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð tungumálakunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSTJÓRI

Leitað er að öflugum einstaklingi til að halda utan um þátttöku Bláma í rannsókna- og þróunarverkefnum. Rannsókna- og þróunarstjóri vinnur þétt með framkvæmdastjóra Bláma og hefur frumkvæði að mótun og fjármögnun nýrra verkefna í samstarfi við framkvæmdastjóra, stjórn og hagsmunaaðila. Starfsstöð rannsókna- og þróunarstjóra er á Vestfjörðum.

Helstu verkefni:

- Vinna að mótun og þátttöku Bláma í innlendum og erlendum rannsóknaverkefnum
- Þróa öflugt samstarf við mennta- og rannsóknastofnanir
- Aðstoð við að koma verkefnum Bláma á framfæri
- Verkefnastjórn einstakra verkefna
- Samskipti og tengsl við hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða doktorspróf sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af gerð styrkumsókna í innlenda og erlenda sjóði
- Reynsla af rannsókna- og þróunarstarfsemi
- Reynsla af verkefnastjórn
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Umsóknarfrestur er til **15. janúar**. Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**

HAGVANGUR

FRAMKVÆMDASTJÓRI ÞJÓNUSTU- OG MARKAÐSSVIÐS

Hjá Póstinum starfar lausnamiðað keppnisfólk sem tekur fagnandi á móti síbreytilegum áskorunum um öflugar og hraðar dreifingarlausnir sem standast kröfur viðskiptavinarins. Framkvæmdastjóri er öflugur og framsækinn leiðtogi í hópi jafningja við stjórnun fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur er til og með **19. janúar 2021**. Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**

Íslandspóstur leitar að sterkum leiðtoga til að leiða áframhaldandi framþróun og umbætur á þjónustu- og markaðsmálum félagsins. Leitað er að víðsýnum einstaklingi í ábyrgðarmikið og krefjandi starf. Undir þjónustu- og markaðssvið heyrir þjónusta við viðskiptavini, markaðs- og ímyndarmál ásamt sölu til einstaklinga og fyrirtækja. Framkvæmdastjóri stýrir daglegri starfsemi sviðsins og tekur þátt í stefnumótun og áætlanagerð. Hann vinnur enn fremur að stafrænni þróun og aðlögun þjónustu Póstsins að kröfum og væntingum viðskiptavina hverju sinni.

Helstu verkefni
- Ábyrgð á þjónustu við viðskiptavini
- Frumkvæði að umbótaverkefnum þar sem viðskiptavinurinn er í fyrsta sæti
- Ábyrgð á sölu- og markaðsmálum
- Nýsköpun og þróun viðskiptatækifæra
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Árangursmælingar og greining sölutækifæra

Menntunar- og hæfnikröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk þekking og reynsla af þjónustu- og markaðsmálum
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Framúrskarandi þekking á stafrænum þjónustulausnum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og drifkraftur
- Skýr framtíðarsýn
- Góð íslensku- og enskukunnátta og góð tjáningarhæfni

HAGVANGUR

FJÁRMÁLASTJÓRI

Byggðasamlagið SORPA er í eigu sex sveitarfélaga; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Hlutverk SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna og á sama tíma endurspegla áherslur eigenda sinna í að ná markmiðum hringrásarhagkerfisins. SORPA bs. sér um rekstur móttöku- og flokkunarstöðvar, gas- og jarðgerðarstöðvar, urðunarstaðar og sex endurvinnslustöðva. Þá hefur félagið einnig umsjón með grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna, rekur nytjamarkaðinn Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tíu talsins og eru höfuðstöðvar SORPU bs. að Gylfaflöt 5 í Reykjavík

SORPA leitar að drífandi og jákvæðum einstaklingi til að leiða fjármáladeild fyrirtækisins. Starfið er spennandi og krefjandi stjórnunarstarf en fjármálastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og situr í framkvæmdastjórn SORPU.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Ábyrgð á allri fjármálastjórn í samráði við framkvæmdastjóra
- Yfirumsjón með áætlanagerð og eftirfylgni
- Ábyrgð á reikningshaldi og launavinnslu, ásamt jafnlaunavottun samkvæmt ÍST85
- Vinnsla og greining fjármálatengdra upplýsinga og miðlun þeirra
- Fjárstýring og innra eftirlit
- Ábyrgð á samskiptum við innri- og ytri endurskoðendur

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Framhaldsmenntun á sviði viðskipta og fjármála
- Reynsla af áætlanagerð, rekstri, reikningshaldi og fjármálastjórnun
- Árangursrík stjórnunarreynsla
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Frumkvæði, metnaður og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku. Önnur tungumálakunnátta er kostur

Umsóknarfrestur er til og með **25. janúar 2021**. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**.
Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**.

HAGVANGUR

Lausafjárstýring

Lánasjóður sveitarfélaga auglýsir eftir sérfræðingi í lausafjárstýringu

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki sem starfar eftir hlutafélagalögum, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um Lánasjóðinn og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga sem eru 69 talsins.

Starfssvið

- Stýring og ávöxtun lausafjár.
- Uppgjörsvinna í tengslum við árs- og árshlutauppgjör.
- Upplýsingagjöf til eftirlitsaðila.
- Ýmis greiningarvinna.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking og áhugi á skuldabréfum.
- Reynsla af notkun gagnasafna og Excel.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði. Próf í verðbréfaviðskiptum kostur.
- Góð þekking á ársreikningum. Uppgjörsreynsla mikill kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í mæltu og rituðu máli.
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Óttar Guðjónsson framkvæmdastjóri Lánasjóðsins í síma 515 4948 eða í gegnum netfangið ottar@lanasjodur.is

Umsóknafrestur er til og með 28. janúar 2021.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn og starfsferilskrá á umsoknir@lanasjodur.is.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um persónuvernd.

Lánasjóður sveitarfélaga | Borgartúni 30 | 128 Reykjavík | S. 515 4949



Hafnarfjörður

SVIÐSSTJÓRI STJÓRNSÝSLUSVIÐS

Hafnarfjarðarbær óskar eftir öflugum einstaklingi í starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs sem fer með forystu- og samhæfingarhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu bæjarins.

Stjórnsýslusvið hefur yfirumsjón með þeirri þjónustu sem bæjarskrifstofur Hafnarfjarðar veita íbúum sveitarfélagsins og öðrum sem til þeirra leita með vandaða málsmeðferð að leiðarljósi.

Helstu verkefni stjórnsýslusviðs eru stjórnsýsla, lögfræðitengd málefni og mannauðsmál. Á stjórnsýslusviði eru eftirfarandi málaflokkar: stjórnsýsla, lögfræði, skjalavarsla, mannauðsmál og gæðastjórnun.

Umsóknarfrestur er til og með **20. janúar nk**.
Sækja skal um starfið á vef Hafnarfjarðarbæjar **radningar.hafnarfjordur.is**

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun og rekstur stjórnsýslusviðs
- Undirbúningur funda bæjarráðs og bæjarstjórnar
- Ábyrgð á að stefnumörkun og ákvörðunum bæjarráðs og bæjarstjórnar sé fylgt eftir með upplýsingamiðlun við fagsvið bæjarins og fjárhagsheimildir
- Ábyrgð á virkni stjórnkerfis bæjarins og yfirumsjón með miðlægri stjórnsýslu og stoðþjónustu
- Staðgengill bæjarstjóra í fjarveru hans

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur
- Farsæl reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, stefnumótun, samningagerð og rekstri
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að miðla þekkingu, setja fram mál og upplýsingar á íslensku og ensku

Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Upplýsingar veita Hlynur Atli Magnússon, **hlynur@hagvangur.is** og Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**

HAGVANGUR

Jafnréttisstofa

Sérfræðingur

Jafnréttisstofa auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings.

Starfshlutfall er 100%. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga á sviði jafnréttis- og mannréttindamála þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Jafnréttisstofa annast stjórnsýslu á sviði jafnréttismála á því sviði sem löggjöf um jafnréttismál tekur til, þ.e. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018. Jafnréttisstofa er staðsett á Akureyri.

Jafnréttisstofa • Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri • Sími 460 6200
jafnretti@jafnretti.is • www.jafnretti.is

HELSTU VERKEFNI SÉRFRÆÐINGS ERU:
- Yfirferð og greining gagna vegna jafnlaunastaðfestingar með áherslu á starfaflokkanir og launagreiningar.
- Þátttaka í teymi sérfræðinga á sviði jafnlaunastaðfestingar og jafnréttis á vinnumarkaði.
- Þátttaka í öðrum verkefnum sem falla undir starfsemi stofnunarinnar.

HÆFNISKRÖFUR:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Æskilegt er að námið veiti sterkan grunn í úrvinnslu og greiningu gagna.
- Þekking og reynsla af kjaramálum, jafnlaunamálum og jafnlaunavottun.
- Þekking á sviði kynja- og jafnréttismála sbr. gildissvið ofangreindra laga er æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Mjög góð skipulagsfærni.
- Mjög góð færni í íslensku í ræðu sem riti.
- Góð kunnátta í ensku.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Umsókn skal fylgja yfirlit náms- og starfsferils ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið.

Starfið er laust strax. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningum ríkisins við BHM. Umsóknafrestur er til 25. janúar og skulu umsóknir berast Jafnréttisstofu, Borgum v. Norðurslóð, 600 Akureyri eða í tölvupósti í póstfangið *jafnretti@jafnretti.is*. Nánari upplýsingar veitir Katrín Björg Ríkarðsdóttir framkvæmdastjóri í síma 460 6200, *katrin@jafnretti.is*

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Lagna- og loftræsihönnuður

Verkfræðistofa Reykjavíkur óskar eftir að ráða hönnuð til að takast á við fjölbreytt verkefni auk uppbyggingar á nýju fyrirtæki

Menntunar- og hæfniskröfur
- Próf í verk- eða tæknifræði
- Þekking og hönnunar- og teiknihugbúnaði
- Starfsreynsla í faginu er skilyrði

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið á vsr@vsr.is

Verkfræðistofa REYKJAVÍKUR

VERKEFNASTJÓRI VARMAORKU

Varmaorka óskar eftir að ráða verkefnisstjóra með reynslu af stjórnun og uppbyggingu jarðhitaverkefna. Um er að ræða uppbyggingu á nokkrum stöðum á Íslandi.

Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði vélfræði / vélstjórnun / verkfræði eða sambæðilegu námi sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla af veitu- eða jarðvarmaverkefnum er æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Þekking af iðnaðarframleiðslu er kostur.
- Góð tölvufærni og kunnátta í ensku, rituðu og töluðu máli.
- Frumkvæði, jákvæðni, sjálfstæð vinnubrögð og góð samstarfshæfni er mikilvæg.

Helstu verkefni :
- Verkefnastjórnun, eftirfylgni og uppbygging jarðvarmavirkjanna.
- Áætlanagerð og stýring verkefna.
- Utanumhald og upplýsingagjöf.

Verkefnisstjórinn þarf að hafa búsetu á höfuðborgarsvæðinu og er dagleg starfsstöð að Borgartúni 27, Reykjavík, þegar ekki er verið á vettvangi framkvæmda.

Þversögnin er oft og tíðum sú að menn kappkosta að upphefja lýðræðið af álíka krafti og þeir úthúða skoðunum annarra. Þeir lofa tjáningarfrelsið á sama tíma og þeir fyllast óþoli vegna viðhorfa sem henta ekki eigin höfði. Og ofan í kaupið er frjálsri fjölmiðlun hampað með þeim ákafa að ákveðinni útgáfu hennar eigi helst að loka.

Við erum upptekin af eigin skoðunum. Einkum og sér í lagi okkar eigin skoðunum.

En einsleitni er varhugaverð. Einsleitt samfélag er leiðinlegt. Breiddin í lífi þjóðar sýnir miklu betur hvernig henni líður og hver hún er.

Þess vegna er mikilvægt að leyfa fjölbreytileikanum að njóta sín. Og það á við um skoðanir af öllu tagi, svo og lífsstíl, siði og venjur. Hinn kosturinn er að kæfa samfélagið með kyrkingartaki.

Víða og löngum hefur það verið gert með því að hampa einni skoðun umfram aðrar, með sérlegri vandlætingu á öllum hinum sem eru rangar – og drepa á þann veg niður frelsi mannsins til að vera hann sjálfur.

Í aðdraganda að stofnun Bandalags jafnaðarmanna 1983 átti ég orðastað við Vilmund Gylfason, einn mesta pólitíska eldhuga sinnar tíðar, um ástæður þess að hann klauf sig út úr Alþýðuflokknum og kom á fót eigin flokki. Þá var hann sannfærður umbótamaður í íslenskum stjórnmálum, umtalaður og umdeildur, en ég bara fjörungur blaðamaður með skjálfandi blýantinn frammi fyrir skínandi útgeislun þessa skoðanafasta manns. Hann sagði mér með eftirminnilegum tilþrifum áður en viðtalið hófst að „auðvitað á maður að standa fast á sínu, en þó ekki svo að maður brjóti á sér báða leggina."

Ég er enn með böggum hildar yfir að hafa ekki notað þessa visku hans í viðtalið, en það skrifast auðvitað á minn ungæðingshátt. En þeim mun stærri og lærdómsríkari er endurminningin. Ég hef nefnilega túlkað þessi orð Vilmundar heitins sem svo, að hollara sé að hlusta meira á aðra en sjálfan sig, að minnsta kosti ekki minna, hvað þá ekkert.

Í þessu efni er einnig umhugsunarvert samtal mitt við kaupmanninn Bolla Kristinsson í viðtalsþættinum Mannamál á Hringbraut á síðasta ári, þann eitilharða hægrimann sem tjáði mér pólitíska ást sína á Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi borgarstjóra úr Reykjavíkursamstarfi vinstri manna. Hún hefði leitað ráða Bolla vegna reynslu hans af málefnum miðborgarinnar og kvaðst vilja hafa hann ráðgjafa sinn í þeim efnum. Bolli hélt nú ekki, enda væru skoðanir Sollu pólitískt skaðræði og eitur í hans beinum. En konan hefði ekki gefið sig – og þegar Bolli áttaði sig á ástæðunni: Að borgarstjórinn vildi ekki hafa eintóma jámenn í kringum sig, heldur máta skoðanir sínar á einmitt þeim sem væru neimenn hennar – og víkka þannig sjóndeildarhring sinn, bráðnaði jafnvel hægrimaðurinn, með þeim afleiðingum að upphófst áralangt samstarf þessa ósammála fólks.

Enn persónulegri er upplifun mín af Guðrúnu Sigfúsdóttur, einum besta yfirlesara bóka minna og dásömuðum ritstjóra JPV-útgáfu á þeim tíma, sem gaf fyrstu sögu minni þá óvenjulegu umsögn að hún væri einstök, þörf og vel skrifuð, en ég ætti að fresta útgáfu hennar um eitt ár. Og ég man hvað ég varð sár og móðgaður; höfnunin varð lofinu yfirsterkari.

En ári seinna naut ég metsölu og viðbragða sem eiga ekki sinn líka á 40 ára ferli mínum sem rithöfundur.

Skoðanir annarra eru nauðsynlegar. Þær leiða mann oftast meira en löðrunga. Og það er óþarfi að vera svo mjög á móti þeim að maður verði hræddur við þær.

Ég nýt þess að eiga samtal við vini mína í hvaða stjórnmálaflokki sem er – og auðvitað þurfa þeir ekki að vera bundnir á klafa nokkurs flokks, svo fremi að eintalið víki fyrir samtali. Að þeir hafi einfaldlega gaman af því að skiptast á skoðunum, geti um frjálst höfuð strokið, finnist það eðlilegt, vandræðalaust, geti það hávaðalaust. Þá finnst mér ég græða. Þá finnst mér ég geta unað betur við mínar eigin skoðanir, breytt þeim hugsanlega, en gjarnan lagað þær og mótað að því sem ég hef ekki áður heyrt.

Af því að maður getur „staðið fastur á sínu" án þess að örkumlast.

Fyrsti Joe & The Juice Drive-Thru staður heims hefur opnað á **Miklubraut**

JOE *to go*

11. — 15.

janúar eru djúsar og sjeikar á

50% afslætti

Mundu eftir appinu

joeandthejuice.is

100 síðna
útsölublað á husa.is
Gildir einnig í vefverslun

ÚTSÁ

Sértilboð
Gildir á meðan útsölu stendur

AEG
Þvottavél AEG 8 kg, 1400 sn.
Þvottavél með kolalausum mótor. Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar, velur ákjósanlegan þvottatíma. Styttir þannig bæði tíma, vatn og orku.
1860502
79.990kr
~~89.990kr~~

25%

DOMO
Kaffivél
DOMA, 12 bolla.
1841178
5.990kr
~~8.190kr~~

blómaval
Helgartilboð
Túlípanar
10 stk.
1.990kr
~~2.490kr~~

60%

damixa
Handlaugartæki
Fern, með smellitappa. 8000155
5.995kr
~~14.990kr~~

25%

HiKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS
Borvél 18V, 2 stk., 1.5Ah
2 stk., 2.5Ah Li-Ion rafhlöður, 13 mm patróna, taska HSC. Þyngd: 1,7 kg. 5247085
37.480kr
~~49.978kr~~

30%

NEO
Vörutrilla
Ber 90 kg, samanfellanleg.
5080151
5.595kr
~~7.995kr~~

9 ltr.
30%

JOTUN
Jotun vegg- og loftamálning
Hentar bæði á loft og veggi. 7119784
7.995kr
~~11.495kr~~

30%

Samlokugrill
750W, grillar 2 samlokur, viðloðunarfrítt, sjálfvirkur hitastillir. Kalt ytra byrði.
1841167
2.759kr
~~3.945kr~~

GROHE
30%
Eldhústæki
Króm, GROHE SilkMove. 7910801
11.125kr
~~15.895kr~~

28%

Electrolux
Ofn EEA4235POX
Ryðfrítt útlit, katalískur sjálfhreinsibúnaður, orkuflokkur A, 72 ltr. 1841248
64.990kr
~~89.990kr~~

33%

BLACK+DECKER
Borvél 12V + 100 fylgihlutir
Rafhlaða 1.5Ah - Lion , 2 stk. Hersla 25Nm. 10 mm patróna. 5245566
14.495kr
~~21.495kr~~

Sjáðu verðið!

Frigor
Frystikista TM300
Frystikista 248 ltr., orkunýting B, ein karfa, stærð: 1020x600x850 mm, þyngd 53 kg. frystigeta 18 kg, 24 klst. 1805487
69.990kr
~~82.485kr~~

40%

Skúringavél Vileda gufu
Hreinsar bletti, óhreinindi og fitu, vatnið hitnar á 15 sek., og hreinsar öll gólfefni, 400 ml., vatnstankur., 2 örtrefja moppur fylgja. Drepur 99,9% af bakteríum af gólfinu. 1841197
14.394kr
~~23.990kr~~

30%

BerlingerHaus
Pönnusett, 3 stk., I-ROSE
Títanhúðaðar pönnur með 3ja laga Non-stick Marble húðun. 20 cm, 24 cm og 28 cm. Laust við PFOA, blý og kadmíum. 2002807
8.222kr
~~11.745kr~~

20%

Electrolux
Ryksuga
Ryksuga fyrir parket. 1805300
17.590kr
~~21.990kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

LA

41%

NEO

Topplyklasett, 23 stk., 1/2"
90 tanna skrall, toppar 8-32 mm, framlengingar 75-100-150 mm. 5052521

7.995kr
~~13.495kr~~

31%

FERRO

Sturtusett með blöndunartæki
Trinity. 7810200

19.995kr
~~28.855kr~~

25%

Nilfisk
Háþrýstidæla
125 bör, 1.5kW, 460 ltr./klst., 6 m, Patio pallabursti, þvottakústur, röra- og klóak-hreinsir, 8 m slanga. 5254205

29.620kr
~~39.495kr~~

40%

BLACK+DECKER

Juðari+22 fylgihlutir
55W, 22 fylgihlutir, mús. 5245912

6.897kr
~~11.495kr~~

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Við **berjum** niður verðið

Allt að **60%** afsláttur

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

9. JANÚAR 2021 LAUGARDAGUR

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og bróðir,

Helgi S. Kjærnested

Lindarflöt 42, Garðabæ,

lést þriðjudaginn 29. desember.
Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju
föstudaginn 15. janúar kl. 15.
Vegna fjöldatakmarkana verða einungis nánustu
aðstandendur viðstaddir en athöfninni verður streymt á
www.sonik.is/helgi.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
hans er bent á minningarkort Ljóssins.

Baldur Már Helgason **Svanhildur Sigurðardóttir**
Margrét Rán Kjærnested **Jan Prikryl**
barnabörn, systkini og aðrir ástvinir.

Kæru ættingjar og vinir.
Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og útför
ástkærrar móður, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

Elsu Þórdísar Óskarsdóttur

Dvalarheimilinu Hlíð.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Einihlíðar
fyrir hlýju og góða umönnun.

Aðstandendur.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Margrét Ólafsdóttir

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
fimmtudaginn 24. desember. Útförin
fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ari Ólafsson **Karítas Ólafsdóttir**
Björg Elín Ólafsdóttir Smidt
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Guðrún María Tómasdóttir

húsmóðir og skólaritari,
áður til heimilis að Laugalæk 48
í Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni,
miðvikudaginn 30. desember. Útförin fer fram frá
Stafholtskirkju í Borgarfirði 16. janúar kl. 13 að viðstaddri
nánustu fjölskyldu og ættingjum.

Tómas Jóhannesson **Pálína Héðinsdóttir**
Helgi Jóhannesson **Gunnlaug Helga Einarsdóttir**
Sigríður Jóhannesdóttir **Skarphéðinn B. Steinarsson**
Guðmundur Þ. Jóhannesson **Laufey Ása Bjarnadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Ísleifur Jónsson, Útfararstjóri, Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir, Útfararþjónusta, Farsími 861 3441
Þjónusta allan sólarhringinn

„Mig hefur lengi langað að spila erlendis og hafði sjálf samband við félög hér úti," segir Tinna Rut. MYND/AÐSEND

Byrjaði sex ára í blakinu

Hin tvítuga blakkona Tinna Rut Þórarinsdóttir var valin íþróttamaður ársins 2020 í Fjarðabyggð. Hún spilar í sænsku úrvalsdeildinni þetta tímabil með Lindesberg Volley.

Tinna Rut er Norðfirðingur og uppalin í blaki hjá Þrótti Nes, er líka í íslenska landsliðinu og spilar nú með Lindesberg Volley í sænsku deildinni. Hún var kjörin íþróttamaður ársins 2020 í Fjarðabyggð, frá því segir bæði á vef sveitarfélagsins og Austurfréttar.

Neskaupstaður á að baki langa sögu í blaki og Tinna Rut segir þar jafnan marga iðkendur. „Nánast allir sem alast upp í Neskaupstað prófa að æfa blak," fullyrðir hún og kveðst sjálf hafa byrjað sex ára. „Ég æfði alls konar íþróttir þegar ég var barn, ásamt blakinu var það sund, skíði, frjálsar og fimleikar, en um þrettán ára aldur ákvað ég að einbeita mér að blakinu." Hún hefur heldur betur haldið sig við efnið og sextán ára fór hún í fyrstu utanlandsferð sína með unglingalandsliðinu. „Eftir það hef ég farið í fjórar unglingalandsliðsferðir, með U17 og U19, svo hef ég spilað tvo leiki með A-landsliðinu, árið 2019."

Lindesberg vantaði mannskap

Það var svo í ágúst síðastliðnum sem Tinna Rut hóf að æfa með Lindesberg Volley. Hvað kom til? „Lindesberg vantaði mannskap í sitt lið. Mig hefur lengi langað að spila erlendis og hafði sjálf samband við félög hér úti," útskýrir hún. Spurð hvort Lindesberg Volley sé betra lið í blaki en Þróttur Nes svarar hún: „Sænska deildin er sterkari en sú íslenska, því spilar Lindesberg á hærra plani, en ég er viss um að leikur milli Þróttar Nes og Lindesberg yrði spennandi!" Hún segir ráðningarsamning sinn gilda út tímabilið sem nú er hálfnað. „Ég er búin að spila á móti öllum liðum í sænsku úrvalsdeildinni einu sinni. Eins og er erum við neðstar en stefnum að sjálfsögðu að því að vinna okkur upp um nokkur sæti."

Tók COVID-prófið sjálf

Til að gæta allrar varúðar vegna COVID-19 lét Tinna Rut það ekki eftir sér að koma heim um hátíðirnar. Hún telur sig hafa blessunarlega sloppið við veiruna. „Ég var reyndar veik milli jóla og nýárs, fór í COVID-próf sem ég þurfti að taka sjálf og var í einangrun í fimm daga þar til að ég fékk niðurstöðurnar í bréfpósti!" Hún segir fólk almennt virðast fara eftir fyrirmælum um sóttvarnir en í kring um blakið sé allt frekar kæruleysislegt, miðað við á Íslandi og víðar. Hún býr ein, en segir sér hafa liðið ágætlega um jólin. „Það var auðvitað skrítið að vera ekki heima í Neskaupstað en ég fékk að taka þátt í öðruvísi jólaundirbúningi og jólum með fjölskyldu vinkonu minnar úr liðinu sem var mjög gaman. En svo var ég í einangrun yfir áramótin þannig að þá var ég aðallega í tölvusambandi við fjölskylduna heima." Hún kveðst hafa eignast fullt af nýjum vinum. „Stelpurnar í liðinu eru flestar á svipuðum aldri og ég og við náum mjög vel saman."

Í góðum félagsskap

Um 9.000 manns búa í Lindesberg sem er fallegur bær, að sögn Tinnu Rutar. Innt eftir hvað hún geri þar í frístundum, svarar hún: „Ég er í fjarnámi frá Verkmenntaskóla Austurlands, í einum áfanga, og nýti frístundir í að læra, svo finnst mér gaman að fara í göngutúra, elda og baka, hitti stelpurnar oft og við borðum saman, spilum padel-tennis og gerum alls konar skemmtilegt."

Bærinn er í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Stokkhólmi en Tinna Rut kveðst ekki hafa lagt í ferðalag þangað enn, vegna COVID-19. „Ég fer ekkert nema í keppnisferðir, en hér í bænum er mjög gott fólk og góð aðstaða til að æfa. Mig langar að koma aftur til Svíþjóðar og ná að upplifa landið á betri tímum."

gun@frettabladid.is

Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

Ragna Ágústsdóttir

frá Hofi í Vatnsdal,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
sunnudaginn 20. desember 2020.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki
á Hrafnistu í Hafnarfirði. Jarðarförin hefur farið fram í
kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Steingrímur Páll Björnsson **Elín Sigurðardóttir**
Brynjar Örn Steingrímsson **Lovísa Karítas Magnúsdóttir**
Ragna Gróa Steingrímsdóttir **Jón Viðar Viðarsson**
Eydís Steingrímsdóttir
barnabarnabörn.

Okkar elskulega

Anna Valmundardóttir

frá Akureyri,

f. 09.01.1925,
lést þann 17. desember.
Útför hefur farið fram.

Sigríður Eysteinsdóttir **Ómar Ólafsson**
Ragna I. Eysteinsdóttir **Árni V. Þórsson**
Högni Björn Ómarsson **Ingibjörg Helga Arnardóttir**
Arnar Steinn Ómarsson **Nicole Wiesner**
Anna Lind Traustadóttir **Guðmundur Þ. Vilhjálmsson**
Júlía Helga, María Helga, Aron Ingvi, Sindri Elis,
Daníel Arnar, Sölvi Þór

Sigurður við Hreppslaug í Skorradal, sem ungmennafélagið Íslendingur á. Hann var formaður þess um skeið. MYNDIR/AÐSENDAR

Verkefni sem fólk getur fundið nýbreytnina í

Á Hvanneyri, í hjarta Borgarfjarðar, býr Sigurður Guðmundsson sem er ungmennafélagi fram í fingurgóma og framkvæmdastjóri UMSB. Hann tekur nú að sér ný verkefni fyrir hreyfinguna á sviði fræðslumála og lýðheilsu og hyggst virkja félagana í kringum sig.

Það er heiður að okkar ungmennasamband fái að vera frumkvöðull í að þróa nánara samstarf Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) við héruðin í landinu og grasrótina en hingað til hefur verið. Mér finnst það spennandi. Fleiri koma svo á eftir," segir Sigurður Guðmundsson. Hann hefur tekið að sér, fyrir hönd Ungmennasambands Borgarfjarðar (UMSB), að sinna sérstökum verkefnum fyrir UMFÍ, á sviði fræðslumála og lýðheilsu.

Sigurður er starfsmaður UMSB og kveðst halda því áfram og virkja félagana þar. „Þegar þarf að prófa einhverjar nýjungar þá mun það bitna á íbúum þessa sveitarfélags, þeir verða tilraunadýr," segir hann glaðlega og kveðst sjá mörg tækifæri í þeim efnum.

Lýðheilsa og hreyfing er meðal þess sem Sigurður segir alltaf þörf að minna á og efla. „Margir hafa einangrast síðustu mánuði út af COVID-ástandinu. Við munum reyna að búa til verkefni sem fólk getur fundið nýbreytni í og nýtt sér, annaðhvort eitt og sér eða fleira saman. Það þurfa allir hreyfingu við sitt hæfi, næstum sama hvað hún heitir."

Fimmvörðuháls genginn ásamt konunni, Aldísi Örnu, og Erni Daða, elsta syninum.

Með sveinspróf í húsasmíði

Sigurður er fjögurra barna fjölskyldufaðir og hefur um árabil verið virkur í starfi ungmennahreyfingar og æskulýðsmála. Hann er með B.Sc.-gráðu í íþrótta-, kennslu- og lýðheilsufræðum frá HR, hefur einnig menntað sig í leiðtoga- og frumkvöðlafræðum og almennum íþróttum, auk þess að hafa sveinspróf í húsasmíði. Hann hefur komið að skipulagningu Reykjavíkurmaraþons á vegum Íþróttabandalags Reykjavíkur og verið verkefnastjóri Landsmóts UMFÍ 50+ svo nokkuð sé nefnt.

Sálræn og félagsleg færni

Fleira hyggst Sigurður töfra upp úr hatti sínum nú en heilsueflingu í formi hreyfingar. Hann segir eins víst að hann byrji á að dusta rykið af átaki sem þegar er búið að móta og nefnist Sýnum karakter. „Hugmyndafræði þess byggir á að hægt sé að þjálfa sálræna og félagslega færni eins og þá líkamlegu," lýsir hann. Kveðst líka hafa hug á að þróa áfram sjálfsstyrkingarverkefni sem nefnist Sýndu hvað í þér býr, það snýst um að þora að tjá sig.

„Vandamálið á fundum er oft hversu fáir taka til máls, þar til að kaffispjallinu kemur, þá kemur fólk oft með góða punkta sem hefðu betur komið fram fyrr," segir hann og bætir við: „Nú gæti verið þörf á að sníða það námskeið að nýjum háttum og samskiptum á þessum veirutímum." **gun@frettabladid.is**

Elskulegur faðir, tengdafaðir, bróðir, mágur og frændi,

Sigurgeir Bjarni Guðmannsson

fyrrv. frkvstj. Íþróttabandalags Reykjavíkur,

lést á Vífilsstöðum 30. desember sl. Jarðarförin fer fram í kyrrþey. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Samtök sykursjúkra.

Rannveig Sigurgeirsdóttir **Sverrir Jónsson**
Elín Guðmannsdóttir
Bára Guðmannsdóttir
Alda Guðmannsdóttir
Anna S. Guðmundsdóttir
Guðmann Sigurgeir, Bára og Bára Vilborg systkinabörn og aðrir aðstandendur.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar Oddsson

rafvirkjameistari, Suðurlandsbraut 68B, Reykjavík,

lést þann 6. janúar 2021 á líknardeild Landspítala í Kópavogi. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 13. janúar nk. kl. 15.00. Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Athöfninni verður streymt á slóðinni: Youtube grafarvogskirkja.grafarvogi Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir. Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar.

Sif Gunnarsdóttir **William A. Burhans jr.**
Oddur Gunnarsson **Guðný Kristín Erlingsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær frænka okkar,

Helga Ragnheiður Þorvaldsdóttir

Víðigrund 6, Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki föstudaginn 1. janúar síðastliðinn. Útför fer fram frá Sauðárkrókskirkju mánudaginn 11. janúar kl. 14. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur verða viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á vefslóðinni: youtube.com/watch?v=wjJURtJZzuU&feature=youtu.be

Fjölskylda hinnar látnu.

Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Guðlaug Þorsteinsdóttir

frá Reykholti, Fáskrúðsfirði, til heimilis að Frostafold 14, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar að heimili sínu fimmtudaginn 31. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 13. janúar kl. 13.00. Vegna fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Athöfninni verður streymt á slóðinni: utfor-anna.is

Ólafur Kristinsson

Kristinn Ólafsson **Cecilie B. Björgvinsdóttir**
Þorsteinn Ólafsson **Lise M. Kaspersen**
Aðalbjörg Íris Ólafsdóttir **Eiríkur Ingvarsson**
Brynjar Ólafsson **Melanie Davíðsdóttir**
Örvar Omrí Ólafsson **Kolbrún Kjartansdóttir**

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Kristín Guðmundsdóttir

síðast til heimilis að Sólheimum 23 í Reykjavík,

lést á Hrafnistu að kvöldi jóladags. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju föstudaginn 15. janúar kl. 13.00. Vegna fjöldatakmarkana verður einungis nánasta fjölskylda viðstödd útförina, en henni verður streymt á youtu.be/aD-mBbe6bnA

Guðmundur Þ. Halldórsson **Helga Herbertsdóttir**
Guðrún Halldórsdóttir **Smári Einarsson**
Gróa Halldórsdóttir
Ragnheiður Halldórsdóttir **Haraldur E. Jónsson**
Ómar Halldórsson
og fjölskyldur.

Faðir minn, sonur, bróðir og mágur,

Kristinn Ólafur Kristinsson

líffræðingur, Fellabrekku 19, Grundarfirði,

varð bráðkvaddur að morgni miðvikudagsins 30. desember. Útförin fer fram mánudaginn 11. janúar kl. 13 frá Fossvogskirkju. Vegna samkomutakmarkana verða aðeins nánasta fjölskylda og vinir viðstödd útförina. Hægt verður að fylgjast með streymi af athöfninni á YouTube á slóðinni utfor-kristins-olafs.is

Skúli Jón

Árdís Sveinsdóttir **Kjartan Gunnarsson**
Sigrún Kristinsdóttir **Bjarki Sveinbjörnsson**
Valdís Kjartansdóttir **Bragi Karlsson**
Gunnhildur Kjartansdóttir **Ólafur Erlendsson**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð jólagátunnar:

SEYÐISFJÖRÐUR

P	R	E	S	T	A	B	R	Á		V		S		F		S		A	
O		K		O		E		H	E	I	T	T	E	L	S	K	A	Đ	A
L	Í	K	B	L	E	I	K	A		L		O		I		Ú		G	
L		A		L		N		N	Á	L	A	R	S	P	O	R		A	
R	Æ	S	I	F	L	A	U	G		I		K		P		I	Đ	N	A
Ó		O		L		M		A	N	D	V	A	R	A		N		G	
L	Ö	G	B	O	Đ	I	N	N		Ý		N		R	A	N	G	A	R
E		U		K		K		D	Y	R	A	A	T	I	Đ		J		A
G		N	Á	K	A	L	D	I	R		L		Á		S	K	Ö	T	U
U		U		U		U			K	E	I	M	L	Í	K		F		Đ
R	Ú	M	F	R	Y	M	I		I		F		M		O		U		Á
	T		L		F		L	O	S	T	U	G	A		T		L		L
E	I	L	Í	T	I	L	L		E		G		R	A	U	N	L	Í	F
	L		S		R		S	Í	F	E	L	L	A		M		A		U
D	Á	N	A	R	B	Ó	K		N			É		T		K	R	E	M
	T		T		Ó		U	T	A	N	Á	T	T	A		I		G	
H	I	T	A	S	K	Y	N			Æ		T		U	M	S	Ö	G	U
	N		N		A		N	Æ	R	S	T	Ö	N	G		T		B	
I	N	N	G	A	R	Đ	A			T		L		I	L	L	F	Ú	S
	I		A		A		R	A	F	A	L	I	N	N		A		S	

LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist ný regla í heimi verslunar og þjónustu. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. janúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „2. janúar“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Tvö líf Lydiu Bird** eftir **Josie Silver,** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Freygarður Þorsteinsson, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

1 Konungsríki hreyfa aðeins við þeim sem skerða hár við höfuðleður (9)
11 Þreyttir á eilífu stroki um neyðarútganga (12)
12 Verður alltaf reið þegar svalur gaur reynist svona bitur (9)
13 Hópar vígamanna hernema róstug héruð (12)
14 Fjöldahlaup um sérstakan flugvöll (9)
15 Greyleg hún verður af gredd-unni/og gagntekin alveg af heiftinni (12)
17 Þefa uppi botn á bófann (7)
18 Gerður G og Stefanía fara með hátíðarromsur (9)
20 Urðum af bónus úr hornum og gærum (11)
25 Að muna Armstrong og Waits, en ekki hvor er hvor? (4)
26 Svona staflar setja magnesíum og fleiri steinefni úr skorðum (7)
30 Eins gleymum við aldrei bjórum er við ræðumst við (8)
31 Sumir ruglast á Surti og Suttungi (5)
32 Hafsteinn Hafliða amast við orðinu illgresi og mælir frekar með gremjugróanda eða álíka (9)
33 Það vantar ekki óhófið í arfann (8)
34 Auðmaður meðal auðmanna (5)
35 Vef meidda viðeigandi voðum (9)
36 Vaskur maður vill að ég brýni brynju (8)
37 Ljótt er að lasta salat duglegs drengs (5)
39 Í augnablikinu horfi ég á kaplalest þræða 1 – 10 (9)
44 Sperrt eik fyrir kengruglaðan klerk (9)
45 Náum beinum með beinum (6)
47 Hví sættir fólk sig við reglur og söngva óþekktra höfunda? (7)
48 Grautfúll og viðkvæmur kóngur (9)
49 Það er eðli útgefenda að tryggja nægar birgðir (6)
50 Myndum þetta tímabil á upphafspunkti Ölfusár (7)

LÓÐRÉTT
1 Fjörug fleyta sér fenja á milli (9)
2 Þau ljá mér gjarnan himin sinn, en á því eru þó hömlur (9)
3 Vel má læra án lærdómssetra, eins og kófið hefur kennt okkur (9)
4 Af dauðanum í hælinu (9)
5 Frá er þraut þá leyst er og ákveðin kona líka (7)
6 Sá ég skæða botna skína/skini stjörnu í (10)
7 Setja sig inn í hugsun tækisins og finna svar að lokum (10)
8 Mýri tapar fyrir grasey sem fær fyrstu verðlaun, því þar vex þessi puntur (10)
9 Einiberjarunnur er hið eina sanna tré (9)
10 Er með réttu sortina fyrir séðan mann (6)
16 Leita sullaveiki í galla (10)
18 Pressa plöntu A og nota í áburð (9)
19 Hér er vísað í glæpi grimmra risahæringa (8)
21 Skráir inn töku á innihaldi án inntöku á merkingu (12)
22 Gluggi lokaður út af leiftri í rauðabítið (12)
23 Leyni slælegum afköstum endaþarms er ég afhjúpa brotin (12)
24 Sálarfriður frúarinnar veltur alfarið á gæðum sögunnar (9)
27 Svona loðfíll er minnst 5.000 ára og verðið er eftir því (7)
28 Rauð ber og ljómandi létt að sneiða (7)
29 Ég vil að þú miðir mat minn við vegalengdina sem ég hljóp og ekkert rugl (8)
38 Hún gaular alltaf eitthvað þegar hún baðar sig (6)
40 Langar mikið heim til Íslands þrátt fyrir drauma um framandi lönd (5)
41 Ég – nei, við kveinum undan öllum þessum sjálfum (5)
42 Eftir púl kemur hvíld – og kannski smá kelerí (5)
43 Sögur af langfeðgum og hófleysi þeirra (5)
46 Taka sér pásu til að horfa á einhverja lönguvitleysu í imbanum (4)

LÉTT

2	3		4		1		9	7
	7		9	8	2			
				5		4	2	
	2	6	1	3		9	8	
9			7				6	
	1	8						
3								
			8			7	4	
1			6	2	4	3		

MIÐLUNGS

3	7				8		5	
			5					
	9	1		7	3			
						5		
8	4	3			5			
9	6		7	2			1	
2				9			3	
		8	6			9		2
	5		4				7	

ÞUNG

	6		8			9	1	
		1	6				4	3
	5			2		6		
4		6						9
	9			4				
			9	3			5	
	4			5	7		8	
1								
2		5			1			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

6	1	4	8	2	9	5	7	3
8	2	5	7	3	6	9	4	1
3	7	9	4	1	5	2	6	8
1	4	7	5	6	8	3	2	9
9	8	6	2	7	3	4	1	5
5	3	2	1	9	4	6	8	7
4	5	1	9	8	2	7	3	6
7	9	3	6	4	1	8	5	2
2	6	8	3	5	7	1	9	4

7	9	6	8	2	1	4	5	3
8	3	4	6	9	5	7	1	2
1	2	5	7	3	4	6	9	8
5	4	7	3	6	9	8	2	1
9	6	1	4	8	2	3	7	5
2	8	3	5	1	7	9	4	6
3	5	2	9	4	8	1	6	7
4	7	8	1	5	6	2	3	9
6	1	9	2	7	3	5	8	4

7	3	6	4	5	9	2	8	1
8	2	4	1	7	3	9	6	5
9	1	5	6	8	2	3	4	7
5	8	2	7	9	6	4	1	3
1	4	9	3	2	8	5	7	6
6	7	3	5	4	1	8	9	2
2	9	7	8	1	5	6	3	4
4	6	8	2	3	7	1	5	9
3	5	1	9	6	4	7	2	8

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Vladimirov átti leik gegn Haritmov í Sovétríkjunum sálugu árið 1977.

1. Df6+! Rxf6 2. Bc5+! Bxc5 3. gxf6+ (eða 3. exf6+). **3...Kf8 4. Hh8# 1-0.** Barna- og æskulýðsstarf hefur byrjað með miklum krafti eftir áramót og eru æfingar félaganna afar vel sóttar. Ítarlegar upplýsingar um barna- og unglingastarf félaganna má finna á skak.is.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

ERFIÐ ALSLEMMA

Ranghermt var í þessum þætti, í síðustu viku, að Bridgesamband Íslands ætlaði að reyna að halda Bridgehátíð í Hörpu næsta marsmánuð. Hið rétta er að BSÍ ætlar að reyna það í maí, ef að aðstæður leyfa. Jólamót Bridgefélags Reykjavíkur var aðeins fámennara en jólamót BH, sem var 64 pör. Alls tóku 42 pör þátt í jólamóti BR, 30. desember (á tölvuforritinu Realbridge) og náðu Hrannar Erlingsson og Sverrir Kristinsson að vinna næsta öruggan sigur með 63,30% skori (annað sætið var með 56,82% skor, sem kom í hlut Snorra Karlssonar og Júlíusar Sigurjónssonar). Næstu sæti komu þétt á eftir. Strax í öðru spili mótsins kom áhugavert spil fyrir. Í norður-suður var ágæt alslemma í spaða. Hún er mjög góð því margir möguleikar eru á þrettánda slagnum. Trompin geta legið 2-2, hjartað 3-3, laufadrottning kemur, lengdin í spaða með lengdinni í hjarta og þvingunarmöguleikar. Trompin mega samt, auðvitað ekki, liggja 4-0. Austur var gjafari og NS á hættu.

Norður
♠ 974
♥ D76
♦ 1076
♣ ÁKG6

Vestur
♠ G
♥ G93
♦ D863
♣ D8432

Austur
♠ 1062
♥ 1085
♦ KG952
♣ 105

Suður
♠ ÁKD853
♥ ÁK42
♦ Á
♣ 97

Hönd suðurs er sterk og sennilega verð alkröfuopnunar. Spilið var spilað á 21 borði. Alslemman reyndist mjög erfið í sögnum. Alls voru sjö pör þar sem aðeins spiluðu spaðageim á NS-hendurnar. Átta borð spiluðu 6 ♠ (23-17 skor) en aðeins tvö pör spiluðu 7 ♠. Eitt par (Hlynur Garðarsson-Jón Ingþórsson) fengu toppinn í NS og spiluðu sjö grönd. Toppinn í AV fengu Birgir Ólafsson og Guðni Ingvarsson sem spiluðu 3 ♦ doblaða, þrjá niður (500). Sigurvegarar mótsins, Hrannar og Sverrir, voru í vörn gegn 6 ♠. Myndir þú ná alslemmu í sögnum, lesandi góður, með þínu sagnkerfi?

STJÓRNANDINN

Upplýsandi og fróðleg þáttaröð um konur, fyrirmyndir og fjölbreytileikann í íslensku atvinnulífi í umsjá Huldu Bjarnadóttur.

Þriðjudaga kl. 21:30, bara á Hringbraut.

Íslandsbanki

FKA
FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU

HRINGBRAUT

KRAKKAR

Konráð og félagar á ferð og flugi

436

„Veltandi ferhyrningur?“ sagði Kata undrandi. „Hvað dettur fólki nú í hug næst, hoppandi þríhyrningar?“ Lísaloppa las leiðbeiningarnar. „Spurt er; hvernig munu litirnir á ferhyrningnum snúa þegar búið er að velta honum fjórum sinnum eins og á myndinni. Tvisvar til hliðar og svo tvisvar fram.“ Kata horfði á ferhyrninginn nokkra stund. „Jæja, við fáum þó að minnsta kosti sex númeraða möguleika að velja úr.“ „Já,“ sagði Lísaloppa. „Hann mun líta út eins og einhver af tölusettu ferhyrningunum sex.“ Kata glotti. „Ég held ég sé búin að fatta það.“ „Skrifaðu það þá á blað,“ sagði Lísaloppa. „Gerum það báðar og sjáum svo hvor okkar hefur rétt fyrir sér.“ „Til er ég,“ sagði Kata borginmannlega. „Þetta er ekkert mál, réttu mér blað og blýant, ég mala þig í þessari þraut,“ bætti hún við sigurviss.



Sérð þú hvernig teningurinn mun snúa þegar búið er að velta honum fjórum sinnum?



Úlfi Má fannst gaman að opna jólapakkana. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Held að heimurinn sé risastór

Hann heitir Úlfur Már Jónsson og er sex ára nemandi í fyrsta bekk í Oddeyrarskóla á Akureyri. Þar finnst honum skemmtilegast í frístund og að perla.

En hvað var best við jólin, Úlfur Már? Það var gaman að opna pakkana ... og man ekki meira.

Fékkst þú eitthvað í jólagjöf sem þú getur sagt mér frá? Já, ég fékk Batmanbíl, ég fékk Jóker og Batman. Ég fékk Ninjago Lego, Ninjagodreka. Ég fékk líka buxur, gráa peysu og sokka.

Áttu þér uppáhaldsbók? Já, bók sem heitir Ótrúleg saga um risastóra peru. Það er svo gaman þegar það er að vaxa eitthvað svona stórt og þannig.

Hvernig finnst þér mest gaman að leika? Mér finnst mest gaman að kubba Lego.

Átt þú systkini eða einhvern sem þú leikur við heima? Atla. Hann er þriggja ára bróðir minn. Það er skemmtilegast að kubba með honum.

Ertu prakkari?! Nei, ég er ekki prakkari. Ég vil ekki vera óþekkur og eitthvað.

Er einhver sleðabrekka sem þú getur rennt þér í þegar snjór er? Já, hjá bókasafninu og Greifavellinum. Það er mjög gaman, mér finnst skemmtilegast að renna með mömmu.

Hefur þú prófað að fara á skíði? Já, í Skautahöllinni ...

En hefurðu farið á sjó? Ég fór í Danmörku á sjó. Líka að skoða hvali, ég sá fullt af hvölum.

Jahá. Hvað langar þig svo að verða þegar þú verður stór? Búðarmaður. Mig langar mest að selja kjúkling og eitthvað. Ekki lifandi kjúklinga ... til að borða.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Kjúklingur og pasta.

Auðvitað. En hvað er það skrítnasta sem þú hefur lent í? Skrítnasta er þegar ég sá skrítinn hval sem var með hvít augu. Hann var svartur, með hvítt undir.

En fyndnasta? Það var þegar Atli var að segja fullt af skemmtilegum bröndurum. Eins og þegar hann segir „Einu sinni voru prumpukúkar og þeir brössuðu á bóggara.“ Það var fyndið.

Sammála! Ein lauflétt í lokin: Hvað heldurðu að heimurinn sé stór? Risastór. Ég held það. Hann varð til út af jarðskjálfta.

Lausn á gátunni

Hann mun snúa eins og sá sem er númer fimm

Hin tilkomumiklu norðurljós

Nú að loknum þrettándanum fer jólaljósum fækkandi en þegar heiðskírt er á kvöldin þá taka önnur tilkomumikil ljós við hér á norðurslóðum. Það eru norðurljósin. Best er að njóta þeirra utan þéttbýlis og rafljósa.

Sævar Helgi Bragason veit flest um fyrirbæri himingeimsins. Í bókinni Stjörnuskoðun - fyrir alla fjölskylduna sem kom út hjá JPV 2016 stendur þetta meðal annars:

Flestir Íslendingar hafa séð norðurljósin dansa um himinhvolfið. Stundum eru þau litrík og kvik en þau geta líka verið ljósleit og kyrrlát. Lengst af höfðu menn ekki hugmynd um hvernig norðurljósin verða til. Í Finnlandi sá fólk fyrir sér ref sem feykti lausamjöll um himininn með skotti sínu og kölluðu ljósin refaelda. Í Noregi trúðu sjómenn að norðurljósin hjálpuðu þeim að sjá fiska betur, sér í lagi síld. Þess vegna kölluðu þeir þau líka síldarljós.

Norðurljós eiga rætur að rekja til sólarinnar. Hún sendir stöðugt frá sér straum rafhlaðinna agna sem kallast sólvindur. Vindhraðinn er frá um 300 km á sekúndu upp í 3.000 km í öflugustu hviðunum.

Hér braga norðurljósin í nágrenni Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

» Í FINNLANDI SÁ FÓLK FYRIR SÉR REF SEM FEYKTI LAUSAMJÖLL UM HIMININN MEÐ SKOTTI SÍNU OG KÖLLUÐU LJÓSIN REFAELDA.

Sólvindurinn er því alla jafna tvo til þrjá daga að fjúka milli sólar og jarðar. Þá leitar hann eftir segulsviði jarðarinnar á pólsvæðunum. Þegar hann rekst á súrefni og nitur (köfnunarefni) í um og yfir 100 km hæð yfir jörðinni, örvast efnin og gefa frá sér ljós: norðurljós! Á suðurhvelinu verða til suðurljós.

GRUNNUR AÐ GÓÐRI HEILSU

Vissir þú að um 80% af ónæmiskerfinu eru í meltingarveginum?
Kefir er mjólkurdrykkur, auðugur af lifandi góðgerlum sem fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að bæta meltinguna og viðhalda heilbrigðri þarmaflóru. Kefir er auk þess sérstaklega ríkur af próteini, kalki og fjölmörgum nauðsynlegum vítamínum eins og B12. Þú færð Kefir í fimm ljúffengum bragðtegundum.

Kefir - komdu heilsunni í jafnvægi

MJÓLKA

mjolka.is

Fylgdu okkur á YouTube

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-6 °C | 4 ↙	-7 °C | 5 ↗	-6 °C | 11 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-5 °C | 15 ↘	-7 °C | 17 ↘	-12 °C | 8 ↘

Norðvestan 20-30 m/s á austurhelmingi landsins með morgninum, auk þess snjókoma í norðausturfjórðungnum. Norðlæg eða breytileg átt 3-10 um landið vestanvert, skýjað með köflum og stöku él. Frost 3 til 12 stig. Dregur úr vindi síðdegis. Norðvestan 15-23 austanlands í kvöld, en mun hægari vindur í öðrum landshlutum. Él á stöku stað og talsvert frost.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	-8 °C | 2 ↖	-3 °C | 6 ←	1 °C | 10 ←	5 °C | 11 ←	2 °C | 7 ↖
Ísafjörður	-11 °C | 2 ↗	-6 °C | 4 ↖	-4 °C | 2 ↑	-1 °C | 4 ↖	-3 °C | 4 ↑
Akureyri 	-8 °C | 8 ↘	-5 °C | 2 ↑	-7 °C | 2 ↑	-3 °C | 2 ↑	2 °C | 3 ↑
Egilsstaðir	-9 °C | 4 ↗	-4 °C | 3 ↑	-3 °C | 2 ↑	1 °C | 5 ↖	3 °C | 5 ↑
Kirkjubæjarklaustur	-8 °C | 7 ↓	-6 °C | 3 ↘	0 °C | 8 ↙	3 °C | 12 ←	-2 °C | 1 ↘
Hveravellir	-17 °C | 5 ↘	-12 °C | 3 ↘	-9 °C | 8 ↗	-3 °C | 9 ↑	-3 °C | 5 ↑

Áramótahappdrætti Sjálfsbjargar

Dregið var þann 31. desember 2020

Vinningar og vinningsnúmer

1. Kia X ceed Phvev Urban
11854

2.-3. Rafhjól frá Erlingsen að verðmæti kr. 265.000.-
14042
19424

4.-13. Vöruúttekt hjá Samsungsetrinu, hver að verðmæti kr. 300.000.-

672	13403	15737	21675	24066
29757	31835	31986	33724	37857

14.-33. Vöruúttekt hjá 66 Norður , hver að verðmæti kr. 300.000.-

305	2329	3608	5030	5935
8792	11633	16070	17555	20107
22379	23642	27570	30140	30577
33393	33717	37015	39214	39916

34.-80. Vöruúttekt hjá 66 Norður , hver að verðmæti kr. 150.000.-

1316	1504	1806	2797	4166
5410	5724	7866	8605	8701
10024	10340	11092	12246	13743
15338	19126	19284	19904	20104
21753	22127	24602	26345	26876
27040	27100	29415	30526	30847
31150	31359	31443	31458	32063
32449	32864	34389	34519	35741
36721	36843	37155	37483	37852
39036	39808			

Birt án ábyrgðar.
Handhafar vinningsmiða eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við skrifstofu samtakanna í síma 5 500 360 eða á tölvupóstfangið info@sjalfsbjorg.is
Byrjað verður að greiða út vinninga þann **15. janúar 2020.**
Vinningaskrá er einnig birt á vefsíðu samtakanna, www.sjalfsbjorg.is.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning.

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN

Fáðu blað dagsins sent rafrænt

FRÉTTABLAÐIÐ

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



NÝTT ÁR MEÐ NÝRRI BÓK!

Borðum betur
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 5.999.-



Lífsbiblían
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.299.-



Betri útgáfan
TILBOÐSVERÐ: 4.699.-
Verð áður: 5.699.-

Yfir höfin
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.499.-



Dróninn
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-



Victor Hugo var að deyja
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-

Hvað er svona merkilegt við það að vera biskupsfrú? (2 bindi saman)
TILBOÐSVERÐ: 5.999.-
Verð áður: 7.499.-

Hundagerðið
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-

Líkami okkar, þeirra vígvöllur
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 4.499.-

Banvæn mistök í íslenska heilbrigðiskerfinu
TILBOÐSVERÐ: 4.599.-
Verð áður: 5.499.-



Mannavillt
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 4.499.-

Brúðarkjóllinn
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 2020

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 11. janúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Finnst gaman að tefla saman ólíkum verkum

Aðalheiður Valgeirsdóttir sýnir olíumálverk í SÍM-húsinu. Í verkunum vinnur hún með yfirborð og undirlög og það hvernig þau sameinast. Vinnustofa hennar er í Biskupstungum og þar gerir hún öll sín verk.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sýning á nýjum málverkum Aðalheiðar Valgeirsdóttur stendur yfir í sal Sambands íslenskra myndlistarmanna í SÍM-húsinu í Hafnarstræti. Sýningin ber yfirskriftina Nærmyndir og stendur til 22. janúar. SÍM-salurinn er opinn frá 10-16 alla virka daga.

Aðalheiður er myndlistarmaður og sjálfstætt starfandi listfræðingur.

Hún hefur haldið fjölda einkasýninga, meðal annars í Gerðarsafni, Ásmundarsal og Hallgrímskirkju og tekið þátt í samsýningum hér á landi og erlendis.

Verkin á sýningunni eru olíumálverk sem öll eru unnin á síðasta ári.

„Þar á meðal er myndröð, þar sem ég hengi saman á vegg ólíkar myndir, sem eru þó allar í sömu stærð. Mér finnst gaman að tefla saman ólíkum verkum og ólíkum litum," segir Aðalheiður. „Ég kalla sýninguna Nærmyndir af tveimur ástæðum. Ég er með vinnustofu austur í sveit, í Biskupstungum, og nærumhverfi mitt þar, áin, veðrið og gróðurinn, er alltaf innblástur að verkum mínum. Í verkunum á þessari sýningu er ég að fara nær viðfangsefnunum og get þess vegna leyft mér að hafa verkin nokkuð mikið abstrakt en um leið mjög lífleg.

Ég er að vinna með yfirborð og undirlög og það hvernig þau sameinast. Með því að hafa myndirnar ólíkar er ég að undirstrika hvað allt er ólíkt í kringum okkur þótt það sé á sama stað. Gróðurinn og og hugsunin um fegurðina er alltaf undirliggjandi hjá mér.

Aðalheiður málar verk sín í Biskupstungum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> MEÐ ÞVÍ AÐ HAFA MYNDIRNAR ÓLÍKAR ER ÉG AÐ UNDIRSTRIKA HVAÐ ALLT ER ÓLÍKT Í KRINGUM OKKUR ÞÓTT ÞAÐ SÉ Á SAMA STAÐ.

Ég túlka forgengileika og endurtekningu með aðferðum málverksins, ber lit á, ýmist þunnt eða þykkt, síðan er hann skafinn burt og ég mála yfir, krafsa í eða teikna í endurtekinni hrynjandi oft í mörgum lögum. Litirnir eru afgerandi, þetta eru litirnir sem birtast manni í náttúrunni á mismunandi tímum."

Aðalheiður segir síðasta ár hafa verið að mörgu leyti ágætt. „Það var minna um áreiti og ég var ekki að mæta hér og þar. Ég gat því einbeitt mér að því að vinna verk mín í sveitinni."

Borgarleikhúsið auglýsir eftir samstarfsverkefnum leikárið 2021-2022

Á hverju leikári býður Borgarleikhúsið a.m.k. tvo sjálfstæða leikhópa velkomna til samstarfs. Verkefni sjálfstæðu leikhópanna eru valin af leikhússtjóra og verkefnavalsnefnd leikhússins og kynnt hússtjórn Borgarleikhúss og stjórn Sjálfstæðu leikhúsanna (SL) í kjölfarið.

Samkvæmt samkomulagi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar skal Leikfélag Reykjavíkur tryggja hið minnsta tveimur leikflokkum afnot af húsnæði í Borgarleikhúsinu til æfinga og sýninga eins verkefnis á hverju ári. Leikflokkarnir skulu hafa endurgjaldslaus afnot af húsnæði en greiða útlagðan kostnað LR vegna vinnu þeirra í Borgarleikhúsinu.

Samkvæmt ofangreindu er hér með auglýst eftir umsóknum leikhópa vegna leikársins 2021-2022.

Með umsókn skal senda greinargerð um verkefnið þar sem því er skilmerkilega lýst, greint frá aðstandendum þess, framkvæmdaaðilum, listrænum stjórnendum og öllum þátttakendum. Að auki skal ítarleg fjárhagsáætlun fylgja umsókninni.

Umsóknarfrestur er til kl. 17 miðvikudaginn 27. janúar 2021 og skulu umsóknir sendar í tölvupósti á netfangið samstarf@borgarleikhus.is.

Einnig má senda umsóknir bréfleiðis og skulu þá berast leikhússtjóra Borgarleikhússins, Listabraut 3, 103 Reykjavík.

Borgarleikhúsið

Listakonan nálgast viðfangsefni sín í gegnum ólíka miðla. MYND/AÐSEND

Gígja sýnir í Midpunkt

Listakonan Gígja Jónsdóttir hefur leikinn á nýju sýningarári í Midpunkt með sýningunni Þrjár kynslóðir af bleikum.

Í sýningunni eru hlutverk sem birtast í mæðraveldinu könnuð, samskiptamynstur milli systra, mæðra, mæðgna, dætra, frænkna, dótturdætra og ömmu, í gegnum athöfn þar sem hinn elskaði/hataði litur innan fjölskyldunnar, bleikur, er í brennidepli.

Opnun verður í dag, laugardaginn 9. janúar, frá 14.00-17.00 og stendur sýningin opin alla laugardaga og sunnudaga til 24. janúar.

Gígja Jónsdóttir nálgast viðfangsefni sín í gegnum ólíka miðla svo sem gjörninga, videó, tónlist, teikningu, sviðslistir og dans. Mannveran og umhverfi hennar í sviðsetningu og raunveru er hennar helsta þema sem og sambandið og samtalið við áhorfandann.

Gígja lauk meistaranámi í myndlist frá San Francisco Art Institute vorið 2018.

Þrjár kynslóðir af bleikum er fyrsta einkasýning Gígju.

Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hérlendis sem og sett upp fjölda dans- og sviðsverka.

Viðburðir í Alþýðuhúsinu

Í Alþýðuhúsinu á Siglufirði verður sýningaropnun og fyrirlestur nú um helgina.

Í dag, laugardaginn 9. janúar, klukkan 14.00 opnar Andreas Brunner sýningu sem ber yfirskriftina Ég hugsa upphátt það sem ég segi hljóðlega. Sýningin er opin daglega frá klukkan 14.00 til 17.00 til 24. janúar. Andreas er fæddur 1988 í Zürich í Sviss en býr og starfar í Reykjavík og Lucerne.

Sunnudaginn 10. janúar klukkan 14.30 verður Ottó Elíasson með erindi sem ber yfirskriftina Ljós mótar efni. Ottó hefur nýlokið doktorsprófi í atómeðlisfræði frá

Andreas Brunner. MYND/AÐSEND

Árósaháskóla í Danmörku. Í náminu vann hann að rannsóknum á því hvernig nýta má leysiljós til að móta köld atómský á ólíka vegu.

AMSTERDAM
dream • create
van Gogh
REMBRANDT
The Professional Choice
Liquitex
Conté à Paris
LEFRANC BOURGEOIS PARIS
2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

DV

DV ER KOMIÐ ÚT!

- Dagur B. Eggertsson segir stöðugt aðgengi að fólki skapa aukið áreiti
- Framför í krabbameinsskimun
- 66 daga martröð lokið í Bandaríkjunum

Tryggðu þér áskrift að DV á dv.is

DAGSKRÁ

Laugardagur

HRINGBRAUT

20.30 Bókahornið (e) fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
21.00 Helgarjóga Í Helgarjóga með Þóru Rós róum við okkur niður í núvitundinni – og erum til staðar í stundinni.
